



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hjálpleysa

Löng smásaga

Ritgerð til B.A.-prófs

Bjarnheiður Erlendsdóttir

Maí 2012

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Ritlist

Hjálpleysa

Löng smásaga

Ritgerð til B.A.-prófs

Bjarnheiður Erlendsdóttir

Kt.: 080859-3929

Leiðbeinandi: Hlín Agnarsdóttir

Maí 2012

Hún gekk þungum skrefum út úr versluninni með innkaupapoka fullan af vörum í annarri hendi og hélt síðri, grárri kápunni að sér með hinni hendinni. Vorregnið skall með slettum á malbikið og vindurinn þeytti síðu hári hennar í allar áttir. Hún hraðaði sér meðfram versluninni og fyrir hornið. Þar tók við stífur vindstrengur svo hún hrökklaðist inn í sundið bak við verslunina. Hún setti frá sér pokann og tók til við að hneppa að sér kápunni.

Skyndilega lagði hún við hlustir og leit upp. Lágvært væl náði eyrum hennar í gegnum vindgnýinn. Hún horfði í kringum sig en sá ekkert sem gat gefið þetta hljóð frá sér. Einungis var þarna ruslagámur sem stóð upp við vegg verslunarinnar og nokkrir tómir og gegnblautir pappakassar sem af einhverjum ástæðum höfðu ekki verið settir í gáminn.

Hún ypti öxlum, strauk blautt hárið frá andlitinu og kláraði að hneppa kápunni. Nú heyrðist hljóðið aftur og svolítið hærra. Hún leit aftur í kring um sig en eftir sem áður sá hún ekkert. „Þetta er örugglega læða með kettlinga,“ tautaði hún með sjálfri sér, gekk að pappakassahrúgunni og lyfti henni upp. Þar var ekkert að sjá nema tyggjóklessur á malbikinu og rennblauta og tættu sígarettustubba. Hún lét pappann falla á jörðina, hristi hausinn og tók upp innkaupapokann.

Þegar hún smeygði sér fyrir hornið æddi rokið í fangið á henni og hún hraktist aftur til baka inn í sundið. Þá heyrði hún hljóðið aftur, máttlaust, lágvært væl. „Helvítis læðan hefur örugglega troðið sér inn í gáminn til að gjóta,“ hugsaði hún með sér og vatt sér að gámnum. Hún opnaði hlerann og stakk hausnum inn fyrir opið. Þar var ekkert að sjá nema svarta myrkur, en vælið heyrði hún nú mun greinilegar. Augun vöndust myrkrinu smám saman.

Gámurinn var hálf fullur af allskyns drasli en ekkert kvíkt virtist vera þarna. „Kis kis,“ hvíslaði hún, „kis kis.“ Ekkert svar. „Kis kis,“ hvíslaði hún aftur. „Æ góða eigðu þig bara fyrst þú svarar ekki.“ Hún var í þann mund að loka gámnum þegar hljóðið heyrðist aftur og nú ekki bara væl, heldur hljómaði eins og sár grátur. Unga konan stirðnaði upp og kippti síðan aftur upp hleranum og leit inn í gáminn. Nú heyrðist ekki neitt nema gnauðið í vindinum. Hún gekk fram og til baka meðfram honum og velti þessu fyrir sér. „Er ég orðin rugluð? Ég hélt að það væru bara fresskettir á lóðarú sem gætu gefið frá sér svona hljóð,“ tuldraði hún og leit hræðslulega á svart opið á gámnum. Það var eins og það æpti að henni, „þorir þú ekki!“

Hún tók ákvörðun, dró pappahrúguna að gámnum fyrir neðan opið, klifraði upp á hrúguna, dró sig upp og velti sér inn í myrkan gáminn. Hjartað bardist um í brjósti hennar eins og það ætlaði að sprengja sér leið út úr líkamanum. Hún sá ekkert í fyrstu en þreifaði fyrir sér með höndunum. Það var ekkert að finna nema drasl. Hún hélt áfram að leita og brólti innan um misgeðslegan úrgang. Nú höfðu augun vanist myrkrinu, hún leit í kringum sig, hún var hrædd um að skríða yfir kettlingana. Pappakassar, gömul dagblöð, rotnir ávextir og útrunnar matvörur voru meðal annars þarna og fnykurinn eftir því. Skyndilega sá hún hreyfingu innst í einu horninu. „Jæja, þarna eruð þið þá greyin,“ sagði hún sigri hrósandi. Hún skreið yfir í hornið og rétti höndina að hrúgunni. Þetta var blátt teppi. „Það er ekkert skrítið að þið vælið, vafðir inn í teppi aumingjarnir litlu,“ tautaði hún með sér, tók upp vafninginn og leysti teppið í sundur. Hún kipptist til, lítið, fölt barnsandlit blasti við henni og hún horfði á ungabarnið í forundran og það var eins og hárin risu á höfði hennar. „Hvernig í ... hvernig í ósköpunum komst þú hingað litla barn?“ spurði hún hljóðlega. Eina svarið var sár grátur. Brúnu augun hennar fylltust af tárur um leið og hún þrýsti barninu að brjósti sér.

Unga konan vafði teppinu aftur utan um barnið, fór síðan úr kápuni og rúllaði barninu varlega inn í kápuna. Hún batt ermarnar á kápuni utan um böggulinn og lét hann síga varfærnislega út um opið á gámnum og niður á pappahrúguna. Eftir það klöngraðist hún sjálf upp í opið og stökk niður við hlið hrúgunnar. Hún stakk bögglinum inn undir stóru ullarpeysuna sem hún klæddist og gekk út skotið, stakk hausnum undir sig og tók á móti rokinu. Það var eins og hún hefði öðlast einhvern yfirnáttúrulegan kraft. Svo hvarf hún út í rigninguna og sortann.

Hún stóð við handlaugina á litla baðherberginu og skoðaði sig í speglinum. Þrúttinn belgurinn og æðaslitið á mjöðmunum báru þess vitni að hún gengi með barni. Hendur hennar struku mjúklega yfir magann og hún brosti dauflega til spegilmyndar sinnar. Eftir að hún hafði þvegið sér um hendurnar í sprungnum vaskinum þurrkaði hún sér á lúnu baðhandklæði sem hékk á litlum ofni.

Skyndilega glumdi við símhringing í íbúðinni. Ungu konunni brá við, hún greip aftur handklæðið, sveipaði því um sig og hraðaði sér út úr baðherberginu, fram stuttan gang og inn í stofu. Á gömlu sófaborði úr gulnaðri furu, lá farsími sem gaf frá sér

Þessa hringingu. Hún tók upp símann titrandi höndum, leit á skjáinn og las númerið sem þar birtist.

„Halló,“ svaraði hún hikandi.

„Birna, hvern andskotann ertu að hugsa helvítis druslan þín?“ sagði dimm karlmansrödd í símann. „Hvað ertu að eiginlega þæla? Hvar ertu?“

Hún settist niður á brúnan tréstól sem stóð í stofunni og strauk sér með skjálfandi hendi um ljóst hárið. „É...ég fór suður, ég get þetta ekki lengur.“

„Getur þú þetta ekki lengur? Þú bara hefur ekkert val, ég krefst þess að þú hypjir þig heim strax, heyrir þú það, strax.“ Það ískraði í rödd mannsins af niðurbældri reiði.

„Nei, ég geri það ekki, aldrei, aldrei. Ekki eftir þetta sem þú hefur gert mér,“ hrópaði Birna af ákafa og mikilli reiði.

„Góða sko, þó svo að ég hafi danglað aðeins í þig þá þarftu nú ekki að láta svona. Ég var nú bara fullur.“ Röddin varð ísmeygileg.

„Þú ert nú ansi oft fullur. Og þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki heldur í annað skipti sem þú beitir mig ofbeldi.“ Það örlaði fyrir niðurbældum ofsa í rödd hennar.

„Og hvað ætlar þú svo að gera þegar barnið fæðist? Hvar ertu?“ Nú reyndi hann að stilla röddina og láta hana hljóma vingjarnlega.

„Ég segi þér ekki hvar ég er. Allavega ekki í bili.“ Hún stóð nú upp, gekk að glugganum og horfði út. Grasið á stóru blokkarlóðinni var byrjað að grænka og brumin á trjánnum farin að umbreytast í laufblöð. „Ég verð í sambandi við þig þegar ég verð búin að eiga og við sjáum svo til með framhaldið, en norður fer ég aldrei aftur.“

Hann hvæsti í símann, „ferðu aldrei norður aftur? Þú verður ein með ungabarn, hvernig ætlar þú eiginlega að bjarga þér? Ef þú kemur ekki aftur heim þá hjálpa ég þér sko ekki rassgat. Bíddu bara, þú kemur fljótlega skríðandi til baka.“ Hann sleit símtalinu.

Tárin læddust niður kinnar Birnu, skriðu niður eftir hálsinum og runnu inn undir handklæðið og hurfu svo á milli brjósta hennar. Hún starði góða stund upp í heiðan himininn með krosslagða handleggi ofan á bumbunni. Hún leit í kring um sig og gekk síðan að grænum, gömlum sófa með rifnu áklæði og settist á hann. Hún hún sveipaði um sig stóru köflóttu ullarteppi, hallaði sér aftur að sófabakinu og lagði aftur augun.

Unga konan stóð álút við opna gröfina. Hvít kistan á botni grafarinnar grét með henni í rigningunni. Hvass vindurinn sem stóð beint í fangið á henni, reif frá henni gráu kápuna og síða ljósa hárið flaksaðist í vindinum. Tárvott, fingert andlitið starði ofan í gröfina. „Mamma, elsku besta mamma mín. Hvað geri ég án þín!“ hrópaði hún upp í vindinn. Hún féll á knén við gröfina og og grúfði andlitið í höndunum. „Mamma, mamma, mamma,“ kveinaði hún nú hljóðlega.

„Er eitthvað að, get ég nokkuð hjálpað þér?“ Ungur maður lagði hönd létt á öxlina á henni.

Birna hrökk við og leit upp. Svipsterkur maður í brúnni kuldaúlpu og brúnum þykkum gönguskóm stóð við hlið hennar og horfði á hana alvarlegum augum.

„Nei, nei nei. Það er allt í lagi með mig.“ Hún stóð upp í snarhasti og þurrkaði burtu tárin og rigninguna með handarbakinu.

„Er þetta einhver nákominn þér?“ spurði hann vingjarnlega.

„Já þetta er mamma mín.“ Nú tóku tárin aftur að flæða úr brúnu augunum og unga konan sneri sér undan rokinu og manninum.

„Ég samhryggist þér með það.“ Hann tók nú aftur um herðar konunnar.

„Komdu, við skulum koma okkur í skjól fyrir veðrinu.“

„Ég veit ekkert hver þú ert,“ sagði Birna lágt.

„Við bætum bara úr því, komdu ég er með bílinn minn hérna rétt hjá.“

Þau gengu þögul, hlið við hlið, upp stíginn sem lá upp að bílaplaninu hjá Fossvogskirkju, framhjá gömlu leiðunum með molnuðu legsteinunum og rokið þeytti greinunum á öldruðu grenitrjánum og reyniviðnum til og frá. Það hvein í þessum gamla manngerða skógi sem vakti yfir gröfunum. Þegar þau komu upp á bílastæðið gengu þau að gömlum Land-róver jeppa sem stóð einn og yfirgefinn á planinu og ruggaði til og frá í rokinu. Maðurinn opnaði dyrnar og Birna settist inn. Þegar maðurinn hafði lokað bílhurðinni á eftir Birnu þá hljóp hann fram fyrir jeppann og stökk inn í bílinn bílstjóra megin og setti í gang.

„Jæja vinkona, ég heiti Skúli og bý í sveit norður á landi. Hvað heitir þú?“

„Birna, ég heiti Birna. Ég bý uppi í Breiðholti. Ég bý... bjó þar með mömmu minni.“ Hún slétti blautt hárið og þurrkaði sér aftur í framan. Svartur litur af augnblyanti litaði rákir á ermina á kápunni. Hún saug upp í nefið og hnerraði síðan

kröftuglega. „En, hvað ert þú að gera hér í kirkjugarðinum og það í svona veðri?“ spurði hún og leit út undan sér á Skúla.

„Ég þurfti að erindast í bænum og kom við hérna í garðinum til þess að heilsa upp á gamla fósturforeldra mína, hann Grím karlinn og hana Gunnu.“

„Er langt síðan þau dóu, af hverju er þau grafin hér en ekki fyrir norðan?“

„Þau bjuggu alla sína tíð hér í Reykjavík. Það var ekki nema síðustu fimm árin sem Grímur var fyrir norðan. Hann vildi láta grafa sig við hliðina á Gunnu. Hann flutti norður þegar hún dó. Þá keyptum við í sameiningu þetta kot þar sem ég bý núna. Hann hafði alltaf átt þann draum að hafa lifibrauð af búskap, þú veist, rollur og svolleiðis.“ Hann hristi bleytuna af þykku dökku hárinu og strauk það síðan aftur fyrir hnakka. Móðan á gluggunum var svo þykk að hún grét niður bílrúðurnar og vart var hægt að sjá út úr bílnum sem hristist og nötraði í mestu vindhviðunum.

Sírenuvæl rauf þögnina á þessu stillta vorkvöldi. Sjúkrabíll ók á forgangshraða eftir Hringbrautinni, renndi upp að Landspítala háskólasjúkrahúsi og inn um dyrnar sem ætlaðar voru sjúkrabílum. Sjúkraflutningsmaður stökk út úr bílnum, hraðaði sér aftur fyrir hann og svipti upp hurðinni. Inni í bílnum lá ung kona á sjúkrabörum. Við hlið hennar sat annar sjúkraflutningsmaður, stór og mikill. Þjáningar- og skelfingarsvipur var á andliti konunnar. Mennirnir drógu börurnar út úr bílnum og settu þær á gólfíð.

„Er ekki allt í lagi ennþá?“ spurði sá sem setið hafði aftur í bílnum hjá henni.

„Vatnið var að fara,“ stundi hún upp með mikilli áreynslu.

„Þetta er að hafast Birna mín, bara nokkrar sekúndur og við erum komin,“ sagði sá stóri. Þeir renndu sjúkrabörum inn í lyftu og ýttu á takka. Þegar upp var komið opnuðust lyftudyrnar, mennirnir drógu börurnar út og keyrðu þeim inn langan gang sem var við lyftuna.

Fæðingarlæknir, eldri kona og fremur feitlagin, tók á móti þeim. „Þú er Birna, er það ekki? Sjúkraflutningamennirnir hringdu á undan ykkur og boðuðu komu þína. Ég heiti Fjóla,“ sagði hún og rétti Birnu vingjarnlega höndina. Hún dró þykkt teppið af henni og þreifaði síðan á stórum kviðnum. Hann var grjótharður. „Hvað er langt á milli hríða?“

„Ég veit það ekki, mér finnst þær eiginlega standa samfleytt,“ svaraði Birna mjóróma.

„Heyrðu vina, við skulum renna þér strax inn á fæðingarstofuna, mér sýnist að barnið ætli sér ekki að bíða eftir neinu.“ Fæðingarlæknirinn hraðaði sér aftur fyrir börurnar og hóf að ýta þeim inn eftir ganginum. „Þakka ykkur fyrir strákar,“ sagði hún og leit aftur fyrir sig á sjúkraflutningamennina. „Við komum Birnu fyrir á fæðingarbekknum og komum svo með börurnar til ykkar.“

Skært ljósið skar í augu Birnu þar sem hún lá á fæðingarbekknum og rembdist. „Það sagði mér enginn að þetta væri svona hræðilega vont“ stundi hún vesældarlega upp og svitinn perlaði á enni hennar.

„Svona svona, þetta fer alveg að koma, vertu bara dugleg að rembast,“ sagði Fjóla um leið og hún fór að dyrunum og kallaði á hjúkrunarkonu sér til aðstoðar.

Stuttu síðar litu tvö lítil börn dagsins ljós. Stúlka með ljósan hárlubba og önnur stúlka með heldur minna af ljósu hári. Skerandi barnsgrátur fyllti fæðingarstofuna. Birna horfði á börnin með furðusvip „Eru þær *tvær*? Hvernig í ósköpunum fer ég að?“ Hún leit með hræðslusvip á Fjólu.

„Vissir þú ekki að þetta væru tvíburar? Hvernig getur eigilega staðið á því? “ Fjóla leit fast á Birnu. „Eyrun á stúlkunum eru svo mjúk og svo er einnig mikil fita á húð þeirra að það er greinilegt að þær eru heldur fyrir tímenn, þannig að ég ætla að fara með þær upp á vökudeild og ganga úr skugga um að það ami ekkert að þeim,“ sagði Fjóla um leið og hún og aðstoðarkonan luku við að þrifa litlu stúlkurnar. Fjóla lagði þær saman í litla, glæra vöggju úr harðplasti, sem var fest ofan á stálgrind með fjórum hjólum undir. „Ég kem svo eftir litla stund og tala betur við þig,“ bætti hún við og gekk út úr herberginu og dró vögguna á eftir sér.

Birna starði upp í ljósið og áhyggjusvipur markaði andlit hennar. Aðstoðarkonan kláraði að ganga frá Birnu eftir fæðinguna. Hún rétti henni hrein sjúkrahúsföt, skipti um rúmföt og aðstoðaði Birnu svo aftur upp í rúmið.

„Það verður örugglega allt í lagi með tvíburana,“ sagði aðstoðarkonan og leit á Birnu. „Hún Fjóla gamla sér til þess, það er enginn betri fæðingarlæknir en sú mæta kona,“ sagði hún vinsamlega. „Nú skaltu bara hvíla þig og safna kröftum. Þú þarft örugglega á þeim að halda þegar tvíburarnir braggast,“ bætti hún við, kímín á svip.

Það var lágt risið á ungu konunni sem hraðaði sér eftir gangstéttinni við Barónsstíginn og sem leið lá að næsta strætisvagnaskýli. Roðagullin ský breiddu úr sér við sjóndeildarhringinn og gáfu fyrirheit um fagra vornótt. Strætisvagnaskýlið var baðað rauðum bjarma en unga konan sem nú stóð í skýlinu virtist ekki taka eftir hinni miklu fegurð umhverfisins. Hún tvísté í sífellu á milli þess sem hún leit óróleg á armbandsúrið sitt og skimaði niður Barónsstíginn.

Strætisvagninn staðnæmdist þunglamalega við strætisvagnaskýlið og stundi hátt um leið og vagndyrnar opnuðust. Grannur, miðaldra bílstjórinn bauð glaðlega gott kvöld. Birna leit tæplega á hann þegar hún gekk þungum skrefum inn í tóman vagninn, henti klinki í peningabaukinn og fann sér síðan sæti aftarlega í vagninum. Það var tekið að skyggja og andlit hennar speglaðist í kámugum glugganum, andlit sem enga gleði var að finna í, andlit sem var með dökka bauga undir augunum, andlit sem horfði tómlega á sjálf sig. Grátviprur mynduðust kringum munninn og úr brúnum augunum tóku tárin að streyma.

Það voru fáir á ferli á skiptistöðinni Hlemmi þegar vagninn kom akandi þangað, enda átti að loka staðnum fljótlega. Bílstjórinn leit aftur í vagninn og kallaði til Birnu að hún yrði að fara út hérna, þetta væri síðasti áfangastaðurinn í kvöld. Birna svaraði engu og starði bara í gaupnir sér.

„Fröken, þú þarft að fara út núna, þessi vagn er hættur að aka í kvöld,“ kallaði hann aftur til Birnu og stóð upp frá stýrinu. Hann sá að unga konan virtist ekki heyra að hann væri að tala við hana svo hann gekk aftur í vagninn, lagði höndina á öxl hennar og sagði, „Fröken, er ekki allt í lagi með þig?“ Það var áhyggjusvipur á andliti hans.

Birna leit sljólega á hann, með tárin í augunum. „Ha... jú. Jújú það er allt í lagi með mig,“ sagði hún og brast í sáran grát. Bílstjórinn leit í kring um sig og strauk höndinni í gegn um þunnt hárið, settist svo við hlið Birnu og tók klaufalega utan um axlir hennar.

„Heyrðu vina, það er eitthvað að, er það ekki?“ Bílstjórinn varð hálf vandræðalegur þó svo að hann væri nú ýmsu vanur úr þessu starfi.

Birna grét bara sárar, tók fyrir andlit sér, stóð síðan upp og gerði sig líklega til að ganga út úr vagninum.

„Sestu hérna andartak og segðu mér hvað grætir þig ,“ sagði hann. „Sjáum til hvort ég geti ekki aðstoðað þig eitthvað.“

Birna staldraði við, leit svo á hann og sagði, „Það getur enginn hjálpað mér.“ Hún horfði á hann grátbólgnum augum, en gekk þó ekki út úr vagninum.

„Heyrðu vina, komdu bara með mér. Ég þarf að skila vagninum í höfuðstöðvarnar og næ þar í bílinn minn og síðan keyri ég þig bara heim. Fæst mál eru það stór að ekki sé hægt að leysa þau, á einn eða annan veg,“ sagði hann og stóð upp. Hann gekk fram í vagninn, settist undir stýrið og brosti vingjarnlega til Birnu.

Birna hikaði, leit rannsakandi á bílstjórann og tyllti sér síðan í fremsta sætið í vagninum. Bílstjórinn laumaðist til að líta á Birnu og sagði því næst, „Ég heiti Hermann, en þú? Hvað heitir þú vina mín?“

„Birna, é...ég heiti Birna,“ stamaði hún snöktandi.

Hermann ók nú sem leið lá upp í Borgartún. Birna horfði þögul út um vagngluggann. Eftir örstutta stund keyrði hann inn á stórt plan þar sem verið var að leggja fjölda vagna. Sumir fóru í gegn um þvottastöð áður en þeim var lagt í stæði. Hermann fór ekki með sinn vagn í þvott heldur ók honum beint að geymslustæðunum.

„Komdu vina, bíllinn minn er hérna rétt hjá,“ sagði Hermann um leið og hann opnaði dyr strætisvagnsins. Þau gengu út úr vagninum og Birna elti Hermann þvert yfir geymsluplanið og að stæðunum þar sem bílar starfsmanna stóðu. Hermann opnaði gamlan, brúnan Volvó og þau settust inn.

„Jæja Birna mín, hvar átt þú heima vina? Eins og ég sagði þá skal ég koma þér þangað.“

„É...ég get eiginlega ekki farið heim,“ svaraði Birna bældri röddu og brast nú í ofsafenginn grát. „Ég skildi þau eftir á spítalanum“ stundi hún á milli gráthviðanna.

„Hvað ertu að segja kona góð? Skildir þú hvað eftir á spítala?“ hváði hann forviða.

„Börnin mín, ég skildi börnin mín eftir.“ Nú hágrét Birna.

„Börnin þín? Eru þau mörg? Og hvers vegna í ósköpunum eru þau á spítala?“

Nú gat Birna ekki komið upp orði fyrir miklum ekka. Hermann tók utan um axlir hennar og vaggði henni róandi. Hermann leyfði henni að gráta í dágóða stund þar til hún náði aðeins að jafna sig.

„Viltu ekki segja mér hvað er að, vina mín?“ spurði Hermann um leið og hann rétti henni vasaklút til að þerra tárin.

Birna tók við klútnum og þurrkaði sér í framan. „Ég var að eignast tvíbura núna í kvöld og ég fékk bara áfall. Ég hélt að það væri bara eitt barn. Ég veit ekki hvernig ég á að hugsa um tvö börn. Ég kann ekkert á börn,“ hún snýtti sér í klútinn og bætti við afsakandi. „Fyrirgefðu, klúturinn verður ógeðslegur.“ Hún kreisti fram dauflegt bros og rétti honum klútinn.

„Ekkert mál með þennan blessaða klút,“ sagði Hermann, „En segðu mér annað, áttu ekki mann eða fjölskyldu sem getur aðstoðað þig?“ Hann stakk klútnum í plastpoka sem hékk undir mælaborðinu farþegamegin. „Stakkstu af frá spítalanum?“

„Já, ég fór úr sjúkrahúsfötunum og klæddi mig aftur í mín föt og fór svo bara í burtu, ég var svo hrædd, ég ætlaði að fara heim en svo stoppaðir þú bara á þessari skiptistöð og ætlaðir ekki lengra. Þá vissi ég ekkert hvað ég ætti að gera,“ sagði Birna og leit niður og fitlaði við tölurnar á kápunni sinni. Tárin byrjuðu að streyma að nýju og hún teygði sig aftur í klútinn. „Ég fór frá mannum mínum. Hann er ömurlegur og sérstaklega þegar hann er fullur, þá fer hann alltaf að bölvast mér. Hann segir að ég sé drusla og svo feit og ljót að það sé ekki einu sinni hægt að ríða mér. Ég sé einskis nýtt og svo lemur hann mig af og til. Ég get ekki verið hjá honum lengur, ég bara get það ekki,“ bunaði Birna upp úr sér og saug kröftuglega upp í nefið. „Ég á enga fjölskyldu, foreldrar mínir bjuggu aldrei saman, ég veit ekki hver pabbi minn er. Mamma dó síðan rétt áður en ég varð nítján ára. Hún sagði mér alltaf að hún myndi segja mér hver pabbi minn væri þegar ég væri orðin tvítug. Hún var mér alltaf mjög góð en þurfti að vinna rosalega mikið og við bjuggum alltaf bara tvær saman.“ Það var eins og stífla hefði brostið innra með Birnu. „Svo kynntist ég Skúla, mannum mínum sko, hann var alveg ágætur fyrst en svo breyttist hann bara, ég veit ekki af hverju og hann drekkur svo mikið.“ Birna hætti að tala og dró djúpt að sér andann.

Hermann starði um stund á Birnu og ræksti sig síðan. „Heyrðu vina, á ég ekki bara að keyra þig upp á fæðingadeild? Það er örugglega hægt að útvega þér þá aðstoð sem þú þarfnast,“ sagði hann alvarlegur í bragði.

„Jú, kannski, jú ég held það bara,“ svaraði Birna. „Ég veit ekki hvað kom yfir mig, ég varð bara skyndilega skíthrédd og forðaði mér bara.“ Hún leit á Hermann og brosti dauflega.

Hermann ræsti bílinn og ók af stað. Hann leit af og til á Birnu og sá að hún var að verða aðeins léttari í bragði. Þegar þau komu að Landspítalalóðinni og óku inn á bílastæðin sá Hermann að hún fór að verða óróleg aftur. „Birna mín, við þurfum ekkert að segja frá því að þú hafir farið, við segjum bara að ég hafi hringt í þig og þú

hafir stokkið út í bíl til mín til þess að hressa þig aðeins við. Meira þurfa þau ekkert að vita.“ Hann lagði bílnum í laust stæði skammt frá inngangi fæðingardeildarinnar og þau hröðuðu sér inn.

Þegar þau komu inn á fæðingarganginn mættu þau Fjólu þar sem hún var að kíkja inn í öll herbergi gangsins. „Þarna ertu þá Birna, við erum búin að leita að þér um allt. Hvert í ósköpunum fyrstu eiginlega?“ spurði hún áhyggjufull.

„Vi...við,“ stamaði hún og leit svo hræðslulega á Hermann.

„Heyrðu, ég hringdi í Birnu til að athuga hvernig gengi og hún sagði mér að hún væri búin að eignast tvíbura.“ Hermann strauk sér rólega yfir þunnt, ljóst hárið.

„Henni fannst hún aðeins þurfa að komast út og jafna sig og tala við einhvern og ég var hérna rétt hjá svo hún stökk út í bíl til mín í smá stund. En nú langar hana til þess að sjá tvíburana,“ sagði hann í léttum tón og brosti til Birnu. Fjóla leit rannsakandi augum á Birnu en sagði ekki neitt.

Tvíburarnir lágu steinsofandi í vöggum sínum þegar þau komu upp á vökudeild. Hermann sem mátti ekki fara inn á deildina með Birnu sagði henni að hann myndi hinkra eftir henni frammi. Birna læddist inn á vökudeildina og gekk hikandi skrefum að vöggunum þar sem tvíburarnir lágu. Hún horfði á þá um stund og leit síðan á Fjólu sem hafði komið í humátt á eftir henni. „Er allt í lagi með þá, eru þeir mikið fyrir tímann?“ spurði Birna áhyggjufull.

„Það virðist sem allt sé í lagi, við höfum þá samt hérna í einhverja daga og sjáum svo til hvort þið verðið ekki útskrifuð fljótlega,“ svaraði Fjóla vingjarnlega. „Við höldum þó að þeir séu ekki mikið fyrir tímann. Kannski hálfur mánuður þrjár vikur, en það er svo sem ekkert til að gera veður út af. En segðu mér annað, hefur þú einhverja aðstoð eftir að þú kemur heim? Það er svolítið mál að hugsa um tvíbura,“ bætti Fjóla við.

„Ha... já já, hann Hermann vinur minn ætlar að leggja mér lið á meðan ég er í bænum,“ Birna var hraðmælt þegar hún svaraði Fjólu.

„Þetta eru myndar stúlkur.“ Fjóla hagræddi börnunum og breiddi teppin betur yfir þá,

„Það eru engin gögn með þér nema það sem þú gafst upp við komuna hingað og þar sé ég að þú ert gift og býrð fyrir norðan. Verður þú lengi í bænum?“

„Nei, ekki lengi held ég,“ svaraði Birna. Hún beygði sig niður og tók annan tvíburann í fangið. „Mikið eru þeir fallegir, svo mjúkir og ótrúlega, ótrúlega litlir.“

Birna þrýsti litlu stúlkunni varlega að sér og kyssti hana mjúklega á kollinn. Hún brosti til Fjólu og brosið náði alla leið til augnanna.

Þau gengu saman inn á steikhús Argentína, lítil, mjúk hönd umlukin stórrí og sterkri hönd. Skúli tók af Birnu kápuna og hengdi hana upp á herðatré í anddyri veitingastaðarins. Birna var íklædd stuttum, svörtum, þröngum kjól, með breitt silfurlitað belti um mittið og stóran silfurkross um hálsinn. Síða ljósa hárið féll mjúklega niður eftir bakinu og frá stóru brúnu augunum geislaði eftirvænting og bjart bros afhjúpaði hvítar fallegar tennurnar.

Þau fengu sér sæti í horninu, inn af anddyrinu, við arineldinn. Dýrafeldurinn á sófanum og bjarminn frá snarkandi logunum gaf umhverfinu rómantískan blæ. Þjónustustúlka með lista yfir drykki gekk til þeirra og heilsaði kurteislega.

„Gott kvöld, má bjóða ykkur eitthvað að drekka fyrir matinn?“ spurði hún vingjarnlega.

„Birna, vilt þú eitthvað, kannski hvítvín?“ Skúli leit á hana með spurnarsvip.

„Nei takk, ég held ekki. Ég fæ mér bara á eftir með matnum.“

Skúli lagði handlegginn þétt utan um Birnu og leit svo á þjónustustúlkuna, „Nei takk, við bíðum bara eftir borðinu. Fer það ekki alveg að losna?“

„Jú, örugglega eftir svona fimmtán til tuttugu mínútur. Ég læt ykkur strax vita,“ svaraði hún og gekk burtu, stansaði svo, leit við og sagði, „Þið kallið bara ef ykkur vantar eitthvað.“ Hún brosti til þeirra.

Stuttu síðar kom ungur maður til þeirra þar sem þau sátu dreymin við arineldinn og héldust í hendur. Hann bauð þeim til sætis við tveggja manna borð í matsalnum. „Má bjóða ykkur drykk með matnum?“ spurði hann og teygði sig í vínlista á nærliggjandi borð.

„Birna, viltu rauðvín með steikinni?“ spurði Skúli og dró hönd hennar til sín.

„Nei takk, ég held að ég vilji bara pepsí max. Ég drekk yfirleitt ekki áfengi.“ svaraði hún snögg.

„Heyrðu, ég... ég fæ mér smá rauðvín takk,“ sagði Skúli skjálfmæltur við þjóninn. Þjónninn kom fljótlega með eina rauðvínsflösku og glas af ísköldu, freyðandi gosi. Hann opnaði flöskuna og helti blóðrauðum höfugum drykknum á glas á fæti og bauð svo Skúla að athuga hvort gæðin væru í lagi. Eftir að Skúli hafði

samþykkt drykkinn blóðrauða hellti þjónninn glasið hálfullt og setti flöskuna svo frá sér á borðið.

Þykkar nautasteikur, bakaðar kartöflur og nokkrar tegundir af sósum, komu svífandi í höndum unga þjónsins, sem lagði matinn fimlega á borðið fyrir framan þau. Sentist svo eftir gríðarlega stórra piparkvörn og bauð þeim að mala pipar yfir steikurnar þeirra.

Birna dæsti og strauk á sér magann, „Ég held að ég sé búin að borða allt, allt of mikið. Þetta er ein besta nautasteik sem ég hef smakkað.“ Hún brosti til Skúla. „Heyrðu, ég þarf aðeins að skreppa á salernið. Ég verð ekki lengi.“ Hún stóð upp frá borðinu og gekk áleiðis að salerninu og leit um leið snögg aftur inn í salinn og sá Skúla veifa þjóninum. *Ég vona að hann sé ekki að panta eftirrétt líka*, hugsaði hún með sér um leið og hún smeygði sér inn um salernisdyrnar. Stuttu síðar kom Birna aftur út af salerninu og fór rակleiðis að borði þeirra Skúla. Hún starði á borðið.

„Hvað er þetta?“ spurði hún og benti á lítinn pakka sem stóð á borðinu framan við stólinn hennar, um leið og hún settist niður. Skúli brosti íbygginn og helti rauðvíni í glösin hjá þeim báðum.

„Ég hélt að vínið hefði verið búið,“ sagði hún og tók upp pakkann.

„Ég pantaði aðra flösku meðan þú varst á klósettinu. Við þurfum að skála á eftir,“ sagði hann mjúkum rómi og fékk sér góðan sopa af rauðvíninu..

„Skála? Fyrir hverju eiginlega?“ spurði hún og lagði pakkann aftur á borðið.

„Opnaðu pakkann. Gerðu það, opnaðu hann bara.“ Hann tók annan stóran sopa úr rauðvínsglasinu. Birna leit á hann með spurn í augum. Hún tók pakkann aftur upp og tók til við að losa límbandið af glansandi silfurlitum pappírnum. Hún tók hann síðan varlega utan af lítilli svartri öskju og braut hann snyrtilega saman. Hún starði agndofa á innihaldið, fínlegur silfurhringur með tveimur tveggja karata demöntum sem greiptir voru ofan í gullkrónu. Það geislaði öllum regnbogans litum á steinana frá logum kertisins sem stóð á borðinu, við hlið rauðvínflöskunnar.

Sólin skein glatt inn um gluggann á litla herberginu á fæðingarveildinni. Birna sat í hægindastól sem stóð við hlið gluggans og sólin sló gullnum bjarma á sítt, ljóst hárið. Hún sat með matarbakka í kjöltunni og hámaði í sig plockfisk og rúgbrauð með smjöri. Tvær litlar vöggur stóðu við enda rúmsins og steinsofandi tvíburarnir bærðu ekki á sér. Birna horfði á þær hugfangin á meðan hún borðaði hádegismatinn. Þegar hún var búin lagði hún bakkann frá sér á lítið hliðarborð á hjólum sem stóð við hlið rúmsins, lagðist upp í og breiddi yfir sig sængina.

Dyrnar á herberginu opnuðust hægt og haus með ljósu, þunna hári kom í ljós í gáttinni og brún augu gægðust svo varlega inn fyrir. „Sæl Birna mín, ertu vakandi,“ hvíslaði Hermann lágt um leið og hann gekk inn og hallaði hurðinni á eftir sér.

„Já já, ég var bara aðeins að halla mér, ég var að klára að borða.“ Birna brosti og settist upp í rúminu. „Heyrðu, veistu hvað? Ég fæ að fara heim á morgun eða hinn. Stelpurnar eru búnar að ná fæðingarþyngdinni aftur og braggast bara rosalega vel.“

„Það er nú fínt að heyra. Ég fékk einmitt bílstólana hjá tryggingarfélaginu í gær svo nú er ekkert að vanbúnaði að halda heim með tvíburana,“ sagði Hermann og gekk að litlu vöggunum og strauk annarri stúlkunni mjúklega um vangann.

„Fékkstu bílstóla hjá tryggingafélagi? Hvaða tryggingafélagi? Hvað kostaði það eiginlega? É... ég þarf að borga þér fyrir þá.“ Áhyggjur mörkuðu andlit Birnu.

„Þeir kostuðu ekki svo mikið og þú borgar mér bara seinna, það er ekkert mál,“ svaraði Hermann að bragði og tyllti sér á rúmstokkinn hjá Birnu. „Viltu ekki að ég sæki þig og skutli þér heim með tvíburana þegar þið eruð tilbúnar til heimferðar?“ Hann stóð upp, gekk að glugganum. Hann horfði á fólkið sem hraðaði sér eftir bílastæðunum, ýmist úr bílum og inn á spítalann eða frá spítalanum og inn í bílana. „Hvað segirðu um það?“ Hann sneri sér rólega við og leit vingjarnlega á Birnu og strauk í gegn um þunna hárið.

„Takk kærlega fyrir það. Ég skil samt ekki alveg hvað þú ert rosalega góður við mig. Búinn að koma í heimsókn á hverjum degi og útvega svo stólana líka. Þú sem þekktir mig ekki neitt.“ Birna andvarpaði, steig fram úr rúminu og tók aðra stúlkuna í fangið, þá sem farin var að umla og baða út smáu höndunum. „En ég get samt borgað þér fljótlega. Þegar ég seldi íbúðina sem mamma átti, þá gat ég sett smá pening í banka. Skúli tók nú reyndar mest til að borga skuldir af húsinu í sveitinni en ég kom smá undan.“ Hún brosti hróðug, lagði stelpuna á skiptiborð, klæddi hana úr bleika

frottegallanum og tók af henni bleyjuna. Litlu stúlkunni líkaði ekki við meðferðina, fór að háskæla og vakti með því hina sem lá í vöggunni.

„Já já, við skoðum það bara seinna,“ sagði Hermann og brosti. „Núna þurfum við bara að hugsa um þig sjálfa og litlu stelpurnar þínar.“ Hann tók þá litlu sem lá grátandi í vöggunni, lagði hana á öxl sér og vaggaði henni róandi.

„Hvað hét mamma þín?“ Hermann horfði fast á Birnu.

„Hún hét Hallfríður, besta mamma í heimi. Ég sakna hennar alveg rosalega mikið og finnst hrikalega sárt að tvíburarnir fái ekki að kynnast henni. Hún hefði orðið stolt af ömmustelpunum sínum. Sérstaklega vegna þess að þær eru tvíburar. Hún sagði mér svo oft hvað hún saknaði þess mikið að tvíburasystir mín fékk ekki að lifa, að hún skyldi deyja í fæðingu“ Birna lauk við að skipta á stelpunni og klæða hana aftur í gallann.

„Þetta er afar athyglisvert. Það eru ekki margar konur með því nafni. Ert þú líka tvíburi?“ Hann horfði um stund á Birnu íhugull á svip og strauk ótt í gegnum þunna hárið. Hann lagði síðan stúlkuna sem hann var með í fanginu á skiptiborðið og tók upp þá sem Birna var að ljúka við sinna.

Fallegur, hvítur kjóllinn sem Birna klæddist var töfrum líkastur með pallíettum sem glitraði af þegar ljósin í stóru kirkjukrónunum slógu bjarma sínum um tóma kirkjuna. Hún líktist álfkonu þar sem hún sveif inn kirkjugólfið í fylgd Skúla. Þau litu hvort á annað og hamingja skein af andlitum þeirra. Presturinn beið þeirra við altarið með biblíu í hendi og bros á vör. Hann lagði síðan blessun sína á sambandið og þau innsigliðu hjónabandið með ljúfum kossi.

Svítan á efstu hæðinni á Hótel Sögu var draumi líkust. Gullhúðaðir kranar og handklæðahöldur. Teppin svo mjúk að það var eins og að ganga á bómull þegar stigið var á þau og málverk eftir þekktustu málara landsins prýddu veggina. Hjónarúmið beið uppþúið þakið rauðum rósum og orkideur í fjólubleikum litum liðuðust niður af náttborðinu.

Birna horfði sem dáleidd í kringum sig, greyp fyrir munninn og leit á Skúla sem stóð glaðbeittur í dyrunum. „Hvað í ósköpunum er þetta? Þetta er dásamlegt.“ Birna

hló og hljóp um íbúðina, snerti stytur, strauk gluggatjöldin og henti sér svo í mjúkan hægindastól sem stóð í stofunni.

Skúli brosti íbygginn. „Er þetta ekki flott? Aðeins það besta fyrir draumadísina mína,“ sagði hann og kraup við fætur Birnu. „Veistu það að ég elska þig? Við verðum hérna í tvær nætur og svo seljum við íbúðina þína og flytjum saman í sveitina. Hugsaðu þér. Vorið komið og beljurnar úti á túni. Þú og hundurinn hlaupið eftir grænu grasinu. Sólin skín og fuglarnir syngja. Sveitin hún er málið.“

Birna hallaði sér aftur í stólnum og lygndi aftur augunum. „Svo koma börnin, kannski tvö, eða þrjú og alast úpp í sveitasælunni. Þetta verður yndislegt,“ sagði hún um leið og hún stökk á fætur. „Nú ætla ég að láta renna í þetta stóra djúpa baðker og setja ilmolfurnar og freyðisápuna í vatnið. Viltu koma með?“ Hún blikkaði Skúla og hljóp léttum skrefum inn á baðherbergið.

„Veistu það að bæði páfinn og Michael Jackson hafa sofið í þessu rúmi,“ hrópaði Skúli á eftir henni. „Þú verður eins og stórstjarna þessa daga.“

„Hvernig fékkstu þessa svítu eiginlega?“ Birna gægðist inn í stofuna íklædd hvítri samfellu með örlitlum bláum blómum og örþunnum hvítum nælonsokkum sem haldið var uppi með sokkaböndum. Hún brosti stríðnislega og losaði um sokkaböndin eitt af öðru. Skúli varð andstuttur, stóð upp og elti hana inn á baðherbergið.

„Veistu það að ég þekki mann sem þekkir annan mann og þannig fékk ég svítuna. En við skulum nú ekki vera að þæla í því, við höfum annað og þarfara að gera,“ sagði hann með áfergju og horfði á Birnu með losta í augum. Hún hló glettnislega og dýfði tánunum ofan í heitt vatnið. Grannur, stæltur líkaminn rann mjúklega ofan í freyðandi baðið og hún lokkaði Skúla til sín með fingrinum. Hann losaði sig við sparifötin og henti þeim á flísalagt gólfið. Það flæddi út úr baðkarinu þegar hann var kominn ofan í til hennar. Þau hlógu og sameinuðust í dýrslegum losta.

Birna opnaði dyrnar að litlu íbúðinni sinni. Hermann fylgdi á eftir með tvíburana sem voru

hvor í sínum bílstólnum. Hann lagði stólana á gólfið og bjó sig til að fara aftur.

„Viltu ekki koma aðeins inn? ég held að ég eigi til kaffi,“ spurði Birna fljótmælt.

„Hm... já takk, ég þigg það,“ svaraði Hermann og brosti. Birna fór úr kápunni, hengdi hana á snaga í forstofunni, fór síðan inn í eldhús og tók til við að hella uppá á gamla mátann. Hermann fór á eftir henni inn í eldhúsið þegar hann var búinn að ganga úr skugga um að börnin svæfu ennþá.

„Veistu hvað? Ég er líka tvíburi.“ Hann fékk sér sæti við litla tveggja manna eldhúsborðið.

„Já er það? en skemmtileg tilviljun. Eruð þið ein- eða tvíeggja?“ Birna kláraði að hella upp á kaffið og rétti honum könnu með ilmandi, sjóðheitum drykknum.

„Afsakaðu, en ég á ekkert með kaffinu. Ég er svo ný komin hingað að ég er ekki búin að tína almennilega til það sem mig vantar.“

Hermann blés í kaffibollann og fékk sér svo sopa. „Við vorum eineggja. Fæstir þekktu okkur í sundur.“ Það vottaði fyrir sorg í röddinni.

„Voruð?“ Birna settist við borðið á móti honum. „Af hverju sagðiru *voruð*?“

„Æji... það var hræðilega sorglegt atvik. Hjálmar var ekki nema átján ára þegar hann fór með vini sínum í vetrarferð upp á hálendið. Það skall á vonskuveður þar upp frá og þeir týndu hvor öðrum. Bændur gerðu mikla en árangurslausa leit að honum. Síðan eru bara um tvö ár síðan erlendir ferðamenn gengu fram á lík hans eða öllu heldur beinagrindina af honum. Það þurfti DNA- próf til að staðfesta hver þetta væri.“

„Já, alveg rétt, ég man þetta núna. Man eftir að þetta var í fréttunum. Var þetta bróðir þinn?“ spurði Birna með hluttekningu.

„Það er rétt, þetta var tvíburabróðir minn. Ég hafði ætlað að fara með í ferðina en komst ekki þar sem fyrrverandi kærasta mín átti von á sér um þetta leyti. Ég var svo spenntur fyrir barninu, ég hafði ekki haft hugmynd um komu þess fyrir en nokkrum dögum áður en það fæddist.“ Hermann þerraði laumulega tár sem læddist niður kinnarnar.

„Þú átt þá börn?“

„Nei. Barnið dó rétt eftir fæðingu og ég eignaðist ekki fleiri. En við skulum nú ekki vera að velta okkur upp úr þessu. Við ættum nú heldur að koma tvíburunum almennilega fyrir á nýja heimilinu.“ Hann stóð upp og brosti til Birnu. „Mér þætti bara vænt um að fá að liðsinna þér svolítið.“

Þau gengu út úr eldhúsinu og inn í stofu þar sem litlu tvíburarnir sváfu værum svefni. „Ég verð bara að búa um þá í hjónarúminu hjá mér þar til ég verð búin að finna mér rúm fyrir þá. Ég var ekki tilbúin með allt og svo datt mér engan veginn í hug að þetta væru tvíburar. Ég þekki enga tvíbura.“ Hún brosti, „Jú, núna, ég þekki þig.“ sagði hún og hló við.

Landróver jeppinn ók greitt eftir malarveginum og hristist og hossaðist í djúpum holunum sem lágu eins og fjölburar á víð og dreif um fóstureyðingarveginn. Það glumdi hátt í rimlunum við fjárgirðinguna þegar jeppinn renndi hratt yfir þá. Birna hrökk við og greip fyrir eyrun. Skúli skelli hló, „hefur þú aldrei farið yfir svona brú?“

„Nei, til hvers í ósköpunum eru þessir rimlar?“

„Þessir? Þeir eru til þess að halda rollum innan síns heimasvæðis, svo þær beri ekki smit á milli svæða. Riðuveiki, það er aðallega hún sem verið er að hefta.“ Hann hló. „Þetta heftir ekki mannfólkið, vertu viss um það.“

„Já, þú meinar. En hvenær verðum við komin heim til þín? Þetta er svoldið langt, ha.“

„Við eigum svona hálf tíma eftir. Sérðu dalinn þarna. Bærinn er í botni hans.“ Skúli benti inn eftir þröngum, djúpum dal. Á liðaðist eftir honum miðjum og grösug tún teygðu sig upp eftir malarflákunum meðfram ánni. Há fjöll umluktu dalinn á þrjá vegu og efst í þeim voru snjóþungar dyngjur sem höfðu sent snjóspýjur niður eftir hlíðunum.

„Eru engir aðrir bæir hérna í dalnum? Er þetta svona rosalega afskekkt? Ég sá allt annað fyrir mér en svona sveit.“ Hún varð áhyggjufull á svipinn.

„Þetta, þetta er fínt, þá eru engir nágrannar með nefið oní manns koppi. Engir nágrannar að skipta sér af lífi manns.“ Það örlaði á biturleika í niðurbældri rödd Skúla og hnúarnir á honum hvítuðu þegar hann kreppti hendurnar fast um stýrið. „En þetta er bara asskoti fínt. Rólegt og gott.“ Hann brosti samanherptu, skökku brosi til Birnu. „Manstu það sem við töluðum um á Hótel Sögu. Börnin sem við eignumst í

sveitasælunni, hún Píla hundurinn minn hlaupandi á eftir þér í sumar og við að mjólka saman beljurnar.“ Hann leit á hana og klappaði henni á hnéð. „Það fer vel um mig... okkur hérna. Það er alveg öruggt.“

Þegar jeppinn nálgast bæjarstæðið kom í ljós lítið gamalt hús. Málningin var flögnuð af útveggjunum, sprungið gler í eldhúsglugganum og upplitaðar útidyr. For og drulla þakti heimreiðina og daunillan fnyk lagði frá mykjubreiðu sem dreifðist um grasflötina fyrir neðan fjósplanið og rann síðan fram af og niður brekkuna, eins og tröllvaxið naut hefði gert þar þarfir sínar. Birna gekk hikandi innfyrir dyrnar á íbúðarhúsinu, með eina ferðatösku í hægri hönd og bleikt bjútiþbox í þeirri vinstri.

Dyrabjallan hringdi og vakti Birnu. Hún reis upp við dogg og horfði í kring um sig. Leit síðan á armbandsúrið sem lá á náttborðinu. Klukkan var rétt rúmlega hálf nú. Tvíburarnir steinsváfu við hlið hennar. Bjallan hringdi aftur og Birna fór fram úr rúminu, inn í forstofu og tók tólið af dyrasímanum sem hékk á veggnum. „Halló.“ Röddin var rúm eftir svefninn.

„Halló, Birna Hallfríðardóttir, býr hún þarna?“ Vinsamleg kvenmannsrödd hljómaði úr tólinu.

„Já, hver er þetta?“ spurði Birna áhyggjufull.

„Sæl, ég heiti Ingibjörg, ég er ljósmóðirin sem kem í eftirskoðanir,“ svaraði vinsamlega röddin.

Birna opnaði og hleypti konunni inn um aðaldyr blokkarinnar. Birna opnaði svo dyrnar að íbúðinni og leit fram. Kona um þrítugt kom haltrandi inn blokkarganginn. Þegar hún sá Birnu í opnum dyrunum rétti hún fram höndina og heilsaði innilega. „Sæl vertu. Eins og ég sagði þér í dyrasímann þá heiti ég Ingibjörg og veiti þessa heimþjónustu. Það þarf að fylgjast með litlu krílunum.“ Hún blikkaði öðru auganu til Birnu og brosti út í annað.

„Ha, já gjörðu svo vel að ganga í bæinn.“

Ingibjörg gekk inn og Birna lokaði hurðinni. „Tvíburarnir eru inni í svefnherbergi, þeir eru sofandi. Ég vissi ekki að þú kæmir strax daginn eftir að ég kæmi heim,“ sagði Birna og kveikti ljósið í herberginu.

„Við gerum þetta þegar um tvíbura er að ræða, sérstaklega þegar þeir eru fæddir aðeins fyrir tímann.“ Ingibjörg settist á rúmstokkinn og dró sængina af börnunum.

„Hvernig eru þeir búnir að vera? Eru þeir værir?“ spurði hún og tók annan tvíburann í fangið og lagði hlustunarpípu að brjósti þess. Þegar hún hafði skoðað það vel fékk hitt barnið sams konar skoðun. Báðar litlu stelpurnar vöknudu við þessa meðferð og byrjuðu að væla.

„Já þeir hafa bara rétt vaknað til að drekka og svo steinsofna þeir bara alltaf aftur,“ svaraði Birna og geispaði, „Og nú þarf ég að gefa þeim aftur, þeir eru búnir að sofa í rúmlega fjóra tíma núna.“

„Heyrðu, þeir eru bara finir. Ég kem svo aftur í næstu viku en ef eitthvað er að, þá ekki hika við að hringja í mig,“ sagði Ingibjörg um leið og hún dró nafnspjald upp úr hliðartösku. „Hérna er símanúmerið mitt og eins og ég sagði, ekki hika við að hringja, hvort sem það er að nóttu eða degi.“ Ingibjörg gekk frá dótinu sínu, kvaddi Birnu og fór síðan út.

Sólin glampaði á sveitt andlit Birnu. Úfið ljóst hárið var tekið með teygju upp í hnút á hnakkanum. Gulir gúmmíhanskar lágu á gólfinu við hlið skúringarfötu sem var full af sápuvatni. Píla skokkaði glaðlega í kringum Birnu og reyndi að ná athygli hennar.

„Svona svona, Píla mín. Þú verður að vera úti á meðan ég skúra, annars sporar þú allt út fyrir mér aftur.“ Birna klappaði tíkinni vinalega á kollinn og leiddi hana svo út á planið. „Bíddu hérna, ég kalla þig inn þegar ég verð búin, ókey?“ Hún brosti til tíkarinnar og lokaði útihurðinni. Hún vatt upp skúringartuskuna og henti henni á gólfið, tók síðan kúst og dró tuskuna eftir snjádum gólfjöllum svo þær urðu rennandi blautar. Þegar hún var búin að ljúka við að skúra eldhúsið, stofuna og anddyrið þá týndi hún hreinlætisdótið saman og opnaði litla geymslu sem stóð innst í húsinu. Geymslan var þakin hillum og á þeim stóðu allmargir kassar. Þungt loft var í geymslunni og fullt af ryki. Stór útsaumud mynd hékk á skökk nagla inni í geymslunni, mynd sem sýndi fallegan burstabæ á fallegum sumardeg. Yfir bænum voru saumuð orðin *Heima er best*. Birna rétti myndina af og horfði svo á hana með ánægjusvip „Þú ættir nú að fá að hanga í stofunni, svona falleg eins og þú ert. Ég hengi þig upp fljótlega, er það ekki bara. Hver skyldi hafa saumað þig?“ Birna fékk að sjálfsögðu ekkert svar. Birna strauk svitann af enninu og hóf að týna kassana úr hillunum og drösla þeim fram fyrir dyrnar. Gamla sængur, slitin föt og snjádur ferðatöskur fóru í hrúgu á ganginum. Birna dæsti og hnerraði síðan hressilega.

„Þvílíkt og annað eins drasl sem verið er að geyma,“ tuldraði hún og teygði sig í síðasta kassann innst í hillunni. Hún skellti honum á gólfið við hlið hinna kassanna lagðist á hnén og fór að tína úr þeim hina ýmsu muni. Fyrsti kassinn innihélt einungis bækur, ættfræðibækur, sjálfsævisögur og nokkrar ástar- og spennusögur. Hún tók þær eina af annarri og strauk kápurar á þeim með rakri tusku og raðaði þeim á gólfið. „Jæja, nú hef ég allavega ýmislegt að lesa Píla mín, þetta sjónvarpsleysi venst nú sosomeg ágætlega. Hvað segir þú um það?“ Hún leit upp og skimaði í kring um sig, brosti svo og stóð upp. „Æ, greyið mitt, gleymdi ég þér úti.“ Hún stakk hausnum út fyrir útidyrnar og kallaði á tíkina sem kom samstundis hlaupandi til hennar og flaðraði glaðlega upp um hana. „Svona svona, vertu róleg. Komdu með mér inn og við skulum klára að þrifa geymsluna,“ sagði hún við tíkina sem elti hana inn í húsið og settist við hlið hennar á gólfinu. Gamlar og nýjar ljósmyndir voru í stóru brúnu umslagi. Birna tók þær úr umslaginu og tók að fletta þeim. Svarthvít mynd sem sennilega var af Skúla litlum í fangi móður sinnar. Ung tíguleg kona sem vafði örmunum um barnið sem sat í kjöltu hennar. Barnið virtist einungis vera nokkurra mánaða gamalt. Önnur ljósmynd greinilega mun nýlegri þar sem hún var í lit. Myndin var tekin framan við bæinn og sýndi Skúla við hlið ungrar rauðhærðrar konu. Unga konan var alvarleg á svip en Skúli brosti framan í myndavélina glaðbeittur á svip.

Birna leit upp þegar hún heyrði létt fótatak og útihurðinni var lokað.

„Birna mín, ertu inni,“ kallaði Skúli úr anddyrinu og gekk inn í húsið. Hann brosti glaðlega til Birnu um leið og hann kom inn ganginn.

„Hæ,“ sagði Birna um leið og hún stóð á fætur. „Hver er þetta?“ spurði hún og rétti myndina að Skúla.

„Þetta? Þetta er bara helvítis litháísk drusla sem var hérna í fyrra,“ svaraði hann og reif myndina af Birnu, leit fast á hana og varð myrkur á svip.

Tvíburarnir grétu sárt, svo sárt að þeir virtust ætla að grenja úr sér lungun.. Birna horfði á þá með uppgjafarsvip. Hún settist á rúmstokkinn, tók höndum fyrir eyrun og reri fram í gráðið. „Góðu hættið þessum grenjum, ég get ekki meir, ég get ekki meir,“ hvíslaði hún með sjálfri sér. Það var farið að birta af degi, sólin byrjaði að skína inn um herbergisgluggann og undarleg, draugaleg skíma féll á blá gluggatjöldin. Birna virtist nú hvorki heyra neitt né sjá. Tíminn leið og að lokum þögnuðu litlu börnin.

Birna lagði sig við hlið þeirra í rúminu, hnipraði sig saman og dró sængina upp fyrir haus. Þannig lá hún þar til komið var hádegi og önnur litla stúlkan vaknaði. Birna dröslaðist loksins á fætur og tók litlu telpuna í fangið. Hún horfði á hina stúlkuna sem bærði ekki á sér. Birna hlúði sænginni betur að henni og fór síðan fram í stofu og settist í gamla sófann og lagði barnið á brjóst sér. Áfergjuleg soghljóð og lágvært uml var til vitnis um að litlu stúlkunni liði vel.

Það var bankað á dyrnar á íbúðinni, léttum, hikandi höggum. Birna lagði stúlkuna varfærnislega frá sér á sófann rúllaði upp teppi setti fyrir framan hana, til að varna því að hún dytti fram úr og lenti á gólfinu. Hún hraðaði sér að dyrunum, opnaði varlega og leit fram. Henni létti þegar hún sá að það var Hermann stóð þarna fyrir utan.

„Sæl vertu Birna mín, mér var svo mikið hugsað til þín þannig að ég ákvað að líta við. Er þér ekki sama um það?“ Hermann brosti og strauk ótt í gegn um hárið með léttum hreyfingum.

Birna opnaði dyrnar upp á gátt. „Jú, jújú,“ svaraði hún lágt. „Ég er einmitt að gefa öðrum tvíburanum, ég... ég er búin að gefa hinum og hann er sofandi inni í herbergi.“ Hún hleypti Hermann inn og lokaði hurðinni. „Komdu bara inn í stofu, ég ætla að klára að gefa.“

„Takk fyrir það Birna mín. Ertu búin að borða eitthvað, á ég ekki að taka eitthvað til fyrir þig og hella upp smá á morgunkaffi?“ spurði Hermann glaðlega.

„Æ jú, ég þigg það endilega, er ekkert búin að fá mér í morgun. Það munaði öllu að þú fórst fyrir mig út í búð í um daginn, annars væri nú eitthvað lítið til í kotinu,“ sagði Birna dauflega.

Hermann gekk að svefnherbergisdýrunum og gægðist inn í herbergið. Ekkert hljóð heyrðist nema lágvær umferðarniður fyrir utan opinn gluggann. Ekki einu sinni andardráttur frá litlu stúlkunni. Hann smeygði sér því næst inn í eldhúsið og raulaði fyrir munni sér á meðan hann lagaði kaffi og smurði nokkrar brauðsneiðar. Hann raðaði þessu snyrtilega á bakka og fór með hann inn í stofu þar sem Birna var búin að hreiðra um sig með barnið og var tekin til við að gefa því aftur.

„Hérna Birna mín, fáðu þér svo þegar sú litla er búin.“ Hann brosti til hennar. „Fyrirgefðu svo framhleyfnina í mér að ryðjast svona inn á þig, en mér er bara eitthvað ekki sama um þig, þrátt fyrir að við þekkjumst nánast ekki neitt,“ sagði hann, um leið og hann ýtti frá ýmis konar barnafötum sem lágu á sófaborðinu, lagði síðan

bakkann á borðið og settist gegnt Birnu. Hann tók til við að brjóta fötin saman og staflaði þeim snyrtilega á annan enda borðsins.

„Veistu það Hermann að ég er mjög þakklát fyrir það að einhver skuli koma, ég þekki engan hérna í bænum og veit eiginlega ekki hvernig ég fer að án þess að einhver hjálpi mér. Þú varst eiginlega eins og engill af himnum sendur.“

„Engill er ég nú ekki, en hvernig er hægt að skipta sér ekki af þegar einhvern vantar svona sárlega aðstoð.“ Hermann hellti kaffi í bolla fyrir þau bæði.

Birna stóð upp úr sófanum og fór með sofandi barnið inn í herbergi og lagði það hjá hinni stúlkunni. Hún breiddi sængina yfir það, hagræddi þeim báðum og fór aftur inn í stofu.

„Varstu búin að gefa hinum?“ spurði Hermann og beit í brauðsneið með osti.

„É...ég, ha? Já, ég gaf hinum á undan,“ sagði hún og leit í átt að herbergisdyrnum. Hún teygði sig síðan í annan kaffibollann, náði sér í brauðsneið og át hana með áfergju. „Guð ég var orðin svo svöng,“ tuldraði hún með fullan munninn af brauði.

„Þú veist það nú að ef þú ætlar að mjólka almennilega, þá verður þú að borða mjög vel,“ sagði Hermann. „Ég fer og smyr meira, ég sé að þú ert óskaplega svöng.“ Hann tók bakkann og fór aftur inn í eldhúsið. „Hérna, borðaðu meira. Ég náði líka í mjólkurglas fyrir þig, þér veitir ekki af því, það er ekki gott að drekka mikið kaffi með börn á brjósti,“ sagði hann um leið og hann kom inn í stofuna aftur með nýsmurt brauð og fullt mjólkurglas. „Nú fer ég að koma mér, ég þarf að mæta á vakt eftir klukkutíma. Ég lít svo við hjá þér aftur á morgun. Er það í lagi þín vegna?“ spurði hann glaðlega, stóð upp úr stólnum, tók bakkann og drykkjarmálin og fór með það aftur inn í eldhús. Hann þvoði þau upp úr heitu vatni, þurrkaði málin síðan vandlega og gekk frá inn í skáp.

Vindurinn hvein og reif harkalega í þak litla vesæla hússins. Birna klæddi sig í allt of stór gúmmístígvél og þykka svarta úlpu. Setti á sig hettuna og reimaði hana svo fast fyrir andlitið að rétt sást í augun og nefið. Rokið skall á henni um leið og hún opnaði útidyrnar og hún kallaði Pílu með sér. Stígvélin sukku í drulluna á planinu en tíkin hljóp fyrir mestu forina og elti svo Birnu inn í fjósið. Lágvært baul bauð hana velkomna um leið og hún kom inn fyrir fjósdyrnar.

„Jæja greyin mín, eruð þið orðnar svangar? Ég gef ykkur heytuggu um leið og ég verð búin að mjólka ykkur, en þið fáid fóðurmjöl að venju á meðan ég mjólka ykkur, ykkur finnst svo gott að maula það.“ Hún strauk blíðlega lendarnar á báðum beljunum sem stóðu þétt saman á básum. Birna fór inn í hlöðuna með tvo litla fóðurstampa og setti í þá slettu af fóðurkorni og setti þá svo í fóðurganginn fyrir framan beljurnar. Þær teygðu langar, grófar tungurnar í átt að Birnu og reyndu að sleikja úlpuna hennar. Birna brosti og klappaði þeim vingjarnlega á kollinn. Hún náði sér síðan í vatn í fötu, gamla tuskudulu og hóf að þvo júgrin á Rauðku gömlu sem lét sér það vel líka. Spenarnir voru þrútnir og volgur safinn draup niður í básinn. Birna settist á koll og tók um tvo spena sem hún kreisti og dró niður, þannig að mjólkin streymdi af slíkum krafti ofan í járnfötuna að það buldi í henni. Þegar júgrin á Rauðku voru orðin tóm fór Birna að stórum mjólkurbrúsa og holti freyðandi mjólkinni ofan í sigti og þaðan síaðist mjólkin rólega ofan í brúsann. Birna fór þá með fötuna og endurtók þvottinn á Auðhumlu. Spenarnir á henni voru mun minni og erfiðara að mjólka hana enda var hún mun yngri en Rauðka gamla mamma hennar.

Hugur Birnu reikaði til barnæsku hennar meðan hún tutlaði beljuna og létt broslék um munnvikin. Þetta voru góðar stundir sem minningarnar geymdu. Mamma hennar brosti og leiddi Birnu að lítilli tjörn. Það var mildur sunnan blær og vor í lofti. Nokkrar stökkendur syntu til þeirra og vonuðust eftir brauðmola og tveir svanir úti á miðri tjörninni tjáðu hvor öðrum ást sína. Annar var hvítur, hinn var svartur.

„Mamma, mamma sjáðu, það er svartur svanur á tjörninni,“ hrópaði Birna og benti út á tjörnina. „Ég hélt að svanir væru hvítir, af hverju er hann ekki hvítur? Er þetta kannski draugasvanur?“ spurði hún mömmu sína óðamála og hoppaði af ákafa.

Birna hrökk upp úr hugleiðingum sínum við það að hurðinni að litla fjósinu var svipt harkalega upp og Skúli birtist í dyrunum með úfið hár og rauðsprengd augu. Græna brennivínsflaskan sem hann hélt á í vinstri höndinni var hálf tóm.

„Helvítis seinagangur er alltaf í þér druslan þín,“ hreytti hann út úr sér svo slefan frussaðist út úr honum. Hann staulaðist inn fyrir fjósdyrnar og lokaði á eftir sér hurðinni. Píla setti skottið á milli lappanna og forðaði sér inn í fóðurganginn.

„Ég er rétt að verða búin að mjólka, ég er að klára Auðhumlu,“ muldraði Birna þar sem hún sat á kollinum og hvíldi ennið upp við kviðinn á kúnni og með hálffulla fötuna á milli hnjóanna.

„Hef ég ekki sagt þér það oft að ég vil fá kvöldmatinn á réttum tíma?“

„Heyrðu, þú varst nú ekki einu sinni heima. Ég vissi ekkert hvenær eða hvort þú kæmir. Og svo ættir þú ekki að keyra í þessu ástandi.“ Birna stóð upp og tók fötuna með sér, steig yfir flórinn og á stéttina sem lá eftir miðju fjósinu. Skúli varð eldraður í sveittu andlitinu og ýtti hranalega við Birnu svo hún féll við og missti mjólkurfötuna ofan í flórinn.

„Þú talar sko ekki svona við mig, djöfulsins tíkin þín eða ég skal bara lúskra á þér,“ öskraði hann skrækum rómi og sparkaði fötunni yfir í hinn enda fjóssins. Fatan skall með miklum skelli á vegginn í fóðurganginum og féll svo á ganginn við hlið Pílu sem forðaði sér hið snarasta inn í heyhlöðuna. Kýrnar hrukku við, tvístigu órólegar og slettu hölunum fram og til baka svo hvein í.

Hvít, volg mjólkinn rann í hlykkjóttum straumum meðfram kúamykjunni og safnaðist saman í drullupoll neðst í flórnum.

Birna lá á hnjánum í grasinu og sléttaði í mold í beði sem hún var búin að útbúa í einu horni garðsins við blokkina. Morgunsólin var óvenju heit þennan morgun eftir slagveður næturinnar og Birna var klædd svörtum gallabuxum og hvítum stuttermabol. Svitinn perlaði á enni hennar sem hún reyndi ítrekað að strjúka burtu með öðrum handleggnum. Barnavagn stóð í skugga upp við blokkina.

„Sæl,“ sagði kona á miðjum aldri sem kom haltrandi frá blokkinni yfir túnflötina og gekk til Birnu.

Birna hrökk við, stökk á fætur og leit á konuna.

„Sæl,“ endurtók konan. „Ég heiti Herdís, ég bý hérna á hæðinni fyrir ofan þig. Þú ert ný flutt, er það ekki?“

Birna leit óróleg á barnavagninn. „Ha... jú, ja, jú jú, ég er ný flutt,“ svaraði Birna og dustaði mold af hnjánum á buxunum. Hún leit síðan á Herdísi og virti fyrir sér rytjulegt og frekar þunnt hárið, snjáðar íþróttabuxur og gamla, græna flíspeysu.

„Ég tók eftir því þegar þú komst heim í síðustu viku. Þú að varst í fylgd manns sem hélt á tveimur barnastólum. Varstu að eignast tvíbura? Var þetta pabbi þinn?“ spurði konan um leið og hún beygði sig niður og sléttaði betur úr moldinni. „Hvaða tegundir ætlar þú að setja niður?“

„Ég, ég veit það ekki ennþá, bara eitthvað, eitthvað fallett sem minnir mig á... sem minnir mig á... bara eitthvað fallett,“ svaraði Birna hraðmælt.

„Ég sá það seint í nótt að þú varst að stinga upp beðið. Það er aldeilis dugnaður í þér að vera bara strax komin í garðvinnu, nýbökud móðirin, og það í roki og rigningu, og ég tali nú ekki um miðja nótt.“

„Ja... já... ég.“ Birna þagnaði. „Tvíburarnir voru svo rólegir og ég gat ekki sofið,“ svaraði hún hraðmælt og lagðist aftur á hnén og hélt áfram að tína rórtartægjurnar úr moldinni.

„Ætlar þú að taka allan garðinn fyrir? Það veitir ekki af, hér hefur enginn, hvorki nennt né haft áhuga fyrir að gera neitt,“ sagði Herdís um leið og hún horfði yfir óræktina sem einkenndi lóðina. Rusl og drasl lá á víð og dreif og sina þakti svæðið þar sem gras átti að vaxa. Engin beð voru til staðar og enginn trjágróður til að prýða garðinn, að undanskildum tveimur stórum reynitryám, sem uxu allt of þétt upp við flagnaðan gaflinn á blokkinni. „Ég ætti kannski bara að hjálpa þér að snyrta til, ég hef ekki nennt að gera neitt þar sem enginn annar hér í blokkinni hefur haft áhuga á því að taka til hendinni hérna. Svo er ég búin að vera svo...svo lasin. Þetta er svoddan andskotans pakk sem býr hérna.“ Herdís hysjaði upp um sig víðar íþróttabuxurnar og bretti upp ermarnar.

„Þú... þú getur náttúrulega gert það en ég ætla að fara inn núna, tvíburarnir fara að vakna.“ Birna gekk hratt af stað í áttina að blokkinni.

„Má ég sjá börnin?“ spurði Herdís með áfergju og elti Birnu að vagninum.

„Helst ekki ef þú hefur verið með pest. Ég vil ekki að þau smitist af einhverri óværu.“ sagði Birna og dró vagninn á eftir sér eftir troðningnum á grasinu og að bakdyrunum á blokkinni.

„Þetta sem er að mér er svo sem ekkert smitandi,“ tuldraði Herdís lágt og bætti svo við,

„Heyrðu, ef þú þarft pössun þá get ég alveg setið yfir börnunum. Ef þú þarft að fara út í búð eða eitthvað,“ kallaði Herdís á eftir henni og vafði þunnu hárlufsunum í hnút á hnakkanum.

Það var dimmt í stofunni að undanskildu dauðu ljósi frá litlum lampa sem stóð á þríhyrnu hornborði í stofunni. Birna sat í gömlum hægindastól og Píla lá sofandi á teppi við hlið stólsins. Hún nagaði á sér neglurnar og var búin að naga eina alveg inn í kviku svo úr blæddi.

Af og til stóð hún upp og gekk að litlum glugga og skimaði út. Tunglið lýsti upp snjóbreiðuna sem lá eins og frosin silkiábreiða yfir öllu landslaginu. Útihúsin sem stóðu töluvert í burtu frá íbúðarhúsinu líktust helst kolamolur í skugga tunglsins. Enga hreyfingu var að sjá fyrir utan snjófjúkið sem lék sér við hæðir og hóla eins og silklæða í vindi. Bjarmi frá tunglinu lýsti upp andlit Birnu. Djúpar áhyggjuhrökkur mörkuðu för á enni hennar og dökkir baugar lágu undir brúnum augunum. Hún horfði sem dáleidd á sjónarspil Vetrar konungs uns hún sleit af því augun og leit á tíkina. „Píla mín, þú lætur mig vita eins og vanalega er það ekki, þegar Skúli kemur heim?“ Það rifaði í annað augað á tíkinni og hún veifaði rófunni.

Birna gekk fram og aftur um litlu stofuna, með herptar axlir og hokin í baki.

Drunur í gömlum Landróver jeppa rufu kyrrðina. Birna hrökk við og stökk á fætur. Hún hraðaði sér fram ganginn og opnaði útidyrnar. Skúli klöngraðist út úr jeppanum og hrasaði við. Hann reisti sig á fætur og skjögraði að húsinu. Birna flýtti sér til hans og reyndi að aðstoða hann inn í húsið.

„Góða láttu mig í friði,“ drafaði hann og hrinti henni frá sér. „Er ekki eitthvað til að éta?“ Hann slagaði inn í forstofuna og sparkaði af sér kuldaskónum.

„Jú, jújú, ég geymdi handa þér kvöldmatinn, ég skal hita hann upp fyrir þig,“ sagði hún hraðmælt og strauk hendi yfir magann.

„Ég vil ekki eitthvað upphitað drasl, ég vil almennilegan mat,“ hvæsti hann og leit á hana með eitruðu augnaráði.

„Þú sagðist verða komin heim fyrir kvöldmat þannig að ég steikti kjötbollur, ég verð enga stund að hita þær,“ muldraði hún og rauk inn í eldhús með hundinn á hælunum.

Skúli elti hana og hrópaði skrækroma, „Ég kem sko bara þegar mér sýnist, þú mátt sko bara þakka fyrir að ég komi svona yfir höfuð.“ Hann horfði illum augum á Pílu þar sem hún lagðist við hliðina á Birnu sem var að kveikja undir pönnu með kjötfarsbollum og brúnni sósu.

„Helvítis tíkin, aldrei heilsar hún mér. Ég þoli ekki þessa andskotans tíkardruslu.“ Skúli hlammaði sér við eldhúsbordið og dró viskípela upp úr vasa á kuldaúlpunni, svolgraði úr honum af áfergju, klæddi sig síðan úr úlpunni og henti henni á gólfið. Tíkin kipptist við og gretta myndaðist á trýni hennar.

Birna flýtti sér að taka upp símann sem hringdi með háum hringitón og leit á númerabirtinn. Hún fölnaði í framan og lagði hann aftur frá sér á stofuborðið. Síminn hringdi út en byrjaði strax að hringja aftur. Birna hikaði en ákvað svo að svara símanum.

„Halló,“ svaraði Birna og ræskti sig.

„Hæ, hvað segirðu, hvernig gengur?“ Fleðuleg rödd Skúla smaug í gegnum símann.

„Ertu ekki orðin akfeit, þú lagast nú ekki við það.“ Hann rak upp hlátursroku.

„Hvenær kemur þú aftur norður?“ Skúli reyndi nú að vera blíðmæltari. „Veistu að ég sakna þín alveg rosalega mikið? Komdu bara heim aftur, áður en þú fæðir barnið. Gerðu það elskan,“ hvíslaði hann lágt.

„Nei, ég er ekki á leið norður í bráð, kannski aldrei,“ Það gætti hörku í rödd Birnu og hún leit í átt að hálflokuðum svefnherbergisdyrunum.

„Góða láttu ekki svona. Ég er búinn að taka mig á, ég hef ekkert drukkið síðan þú fórst.“

„Já, einmitt. Ekkert drukkið í tvær heilar vikur,“ sagði Birna hæðnislega. „Það þarf nú meira til en það.“ Hún gægðist inn í svefnherbergið, en engin hreyfing var sjáanleg í hjónarúminu. Hún hallaði dyrunum aftur.

„Heyrðir þú ekki hvað ég sagði? Drullaðu þér heim aftur.“ Röddin í Skúla varð hás af reiði. „Ég skipa þér það, annars næ ég í þig og þá áttu sko ekki von á góðu.“

„Nærð í mig, þú veist ekki einu sinni hvar ég er.“ Birna hló kuldalega.

„Nei, ég veit það ekki núna en ég skal svo sannarlega komast að því.“ Reiðin hvein í Skúla.

„Ef þú heldur að þetta sé rétta aðferðin til að fá mig aftur heim, þá skjátlást þér all hrapalega.“ Birna sleit símtalinu.

Hún fór inn á baðherbergi og leit í spegilinn. Andlitið sem þar birtist var fölleitt. Dökkir baugar undir fallegum brúnum augum og sítt ljóst hárið sem lá niður á bak var

flókið og fitugt. Það var varla að sjá á grönnum líkama hennar að hún væri nýlega búin að eignast barn, hvað þá tvíbura. Hún starði í augun á sjálfri sér og þar glytti fyrir stálbliki sem ekki hafði sést þar fyrir. Hendur hennar krepptust um borðbrúnina og hvítuðu af áreynslunni þar til hún titraði öll og nötraði. Birna slepti brúninni og hvíslaði til sjálfrar sín í speglinum, „róleg, bara róleg. Þú verður að vera róleg.“ Smám saman róaðist hún, skrúfaði síðan frá krananum á baðkarinu og kom tappanum fyrir á botni karsins. Hún fór síðan og hlustaði aftur við herbergisdyrnar. Þegar baðið var orðið fullt afklæddi hún sig og renndi sér mjúklega ofan í heitt vatnið. Blóð litaði vatnið fljótlega og Birna starði góða stund á rauðar tægjurnar sem fylgdu með, lokaði síðan augunum og vaggaði sér mjúklega fram og til baka.

Barnsvæl fangaði loks athygli hennar og hún sleit sig upp úr mókinu sem hafði sigið á hana. Hún reis upp úr baðinu skrúfaði frá úðaranum á krananum, skolaði úr hárinu á sér og skolaði einnig líkamann vel áður en hún steig upp úr baðinu. Þegar hún var búin að þurrka sér með handklæði skoðaði hún nakinn líkamann í speglinum. Hún nuddaði á sér brjóstin, þrútin af stálma og mjólk lak úr stinnum geirvörtunum. Hún skellti sér í slopp og fór inn í svefnherbergi. „Svona, svona. Mamma er að koma,“ sönglaði hún lágum rómi.

Eftir brjóstagiöfina klæddi hún sig í fötin, tók nafnspjaldið frá Ingibjörgu af náttborðinu og læddist út úr herberginu. Hún gekk rakleiðis að gamsanum sem var í hleðslu á eldhúsbekknunum og sló inn númer. Það hringdi góða stund áður en símanum var svarað.

„Ingibjörg hér.“

„Ingibjörg, sæl þetta er Birna, þessi með tvíburana.“ Birna gekk óróleg fram og til baka í eldhúsinu.

„Já, sæl Birna mín. Er ekki allt í lagi, viltu að ég komi?“ spurði Ingibjörg vingjarnlega.

„Ha, nei nei. Ég ætlaði bara að láta þig vita að ég er að fara norður í fyrramálið þannig að þú þarft ekkert að koma á morgun,“ sagði Birna skjálfandi röddu og táraðist.

„Já er það? Nú jæja, ég sendi þá gögnin um þig norður á Blönduós og þeir sjá þá um eftirlitið framvegis. En gengur ekki annars vel með tvíburana? Eru nokkur vandamál með brjóstagiöf eða annað?“

„Nei nei, þetta gengur bara vel. Ég virðist hafa nóga mjólk, eiginlega bara of mikla ef eitthvað er,“ hún hló óstyrkum hlátri.

„Það er fínt að heyra, oft er það nú svoleiðis að fjölburamæður mjólka ekki nægilega fyrir tvö börn, hvað þá fleiri.“

„Já þú meinar það. Jú jú, ég hef nóg, alveg nóg.“

„Það er nú gott að heyra og gangi þér bara vel. Eins og ég sagði þá faxa ég gögnin norður og þú verður síðan að setja þig í samband við heilsugæsluna þar þegar þú verður komin heim.“

„Já já, ég geri það.“ Birna lagði frá sér símann og hnipraði sig saman í sófanum í stofunni. Einmana, gömul klukka sem hékk á stofuveggnum sló ellefu högg. Birna horfði sem dáleidd á kólfinn sveiflast fram og aftur, fram og aftur. Þegar klukkan hætti að slá hristi hún af sér slenið, stóð á fætur og sótti símann. Hún horfði á hann góða stund, sló síðan inn símanúmerið hjá Hermanni á takkaborðið. Hún ýtti á hringitakkann en það hringdi út.

Hurðin í útidyrnunum skall aftur með svo háum dynk að litla húsið nötraði og skalf. Skúli kom slagandi inn í eldhúsið þar sem Birna var að leggja borðbúnað á eldhúsborðið. Hún leit með áhyggjusvip á Skúla þar sem hann hlammaði sér á eldhússtólinn, þeytti diskunum til hliðar og skellti fullri brennivínsflösku á borðið.

„Ekki ertu fullur, einu sinni enn,“ hvíslaði hún hræðslulega. „Þú varst búinn að lofa mér því að hætta að drekka. Þú lofaðir því, heyrirðu það.“ Hún lagfærði svarta bómullarmussu sem hún klæddist og náði ekki að hylja það að Birna var langt gengin með barni.

„Veistu það að ég bara drekk þegar mér sýnist, sko, þegar *mér* sýnist.“ Hann horfði til skiptis illum augum á tíkina sem hafði hörfað út í horn og Birnu þar sem hún veiddi soðið slátur upp úr stórum potti sem stóð á eldavélinni, setti það á stálfat og lagði það á eldhúsborðið.

„Er aldrei neitt almennilegt að éta á þessu heimili? Mér hefði verið nær að kaupa mér að éta áður en ég kom.“

„Nú, ætlaðir þú ekki að versla í matinn áður en þú kæmir heim.? Það gengur ekki að ég fái engin afnot af jeppanum. Ég á líka fyrir löngu að vera búin að fara til læknis og láta skoða mig.“

„Þú ferð sko ekki neitt, helvítis hóran þín. Þú getur bara séð um þín verk hér og ég sé um að kaupa það sem þarf að kaupa. Og til læknis. Til hvers? Konur áttu nú

bara sín börn í friði fyrir læknum hér áður fyrr. Og eigum við þá ekki bara líka að fara með andskotans tíkina til dýralæknis? Hún hefur nú gert þetta áður og ekki drap það hana.“ Hann fussaði fyrirlitlega og barði hnefanum í eldhúsborðið svo diskar og glös léku á reiðiskjálfi. Tíkin hrökk við og sýndi tennurnar. Birna stóð álút yfir rófupottinum og hendurnar á henni skulfu. Skúli tók síðan flöskuna og svolgraði í sig stórum sopum í einum teig þannig að lak meðfram munnvikjunum og niður á óhneppa köflótta skyrtuna.

„Ég verð að fara til læknis, þú veist það. Ég þarf líka að kaupa ýmislegt fyrir barnið áður en það fæðist.“ Birna var skjálfrödduð.

„Ég sé um það, gerðu bara lista og ég kaupi það næst þegar ég fer í townið. Ha,“ drafaði hann og saup aftur á flöskunni.

„Mig langar nú eiginlega að velja sjálf það sem barnið þarf.“

„Var það ekki, og hvað svo stinga af, ha. Eins og hin helvítis hóran.“ Hann stóð upp og slagaði til hennar með ógnandi hnefa á lofti. „Veistu það að ég drep þig ef þú reynir að láta þig hverfa. Ég sver það,“ hrópaði hann illskulega, reif í hárið á henni og dró hana eftir eldhúsinu. Tíkin urraði grimmdarlega og stóð upp. Skúli skellti Birnu harkalega í gólfið og sparkaði síðan margsinnis í síðuna á henni og sló hana fruntalega utanundir. Slefán frussaðist út úr gapandi munninum á honum þar til hann hrækti henni framan í Birnu. Píla stökk á fætur hljóp að Skúla og glefsaði í fótlegginn á honum. Hann sneri sér þá umsvifalaust að tókinni og sparkaði henni þjösnalega frá sér út í horn. Birna dró sig saman í fósturstellingu á gólfinu, hélt um kviðinn og horfði skelfingaraugum á Skúla. Hann klofaði yfir Birnu og æddi síðan að tókinni og lét spörkin dynja hvað eftir annað á kvið hennar, ýlfrið í henni nísti hjartað og skar í eyrun. Eftir nokkra stund hætti hann að misþyrma Pílu, sneri sér aftur að Birnu og horfði á hana starandi augnaráði. Hann leit undan, beit á jaxlinn og greip brennivínsflöskuna af eldhúsborðinu og dröslaðist síðan völtum fótum út úr eldhúsinu, út úr húsinu og setti bílinn í gang. Birna heyrði vélarhljóðið í jeppanum fjarlægjast. Hún reisti sig upp og skreið að tókinni sem vældi ámátlega og horfði brúnnum sársaukafullum augum á Birnu.

„Svona svona Píla mín. Við verðum að koma okkur héðan í burtu. Áður en hann drepur okkur báðar.“ Birna hagræddi tókinni og sá að fyrsti hvolpurinn var að koma í heiminn. Dauður. Síðan kom annar marglitur hnoðri. Einnig dauður. Birna hágrét og kúrði sig fast upp að tókinni. Píla sleikti tárinn mjúklega framan úr Birnu, síðan lagði hún hausinn varlega á handlegg Birnu. Nokkrir kippir skóku máttvana

hundsskrokkinn og andardrátturinn varð hryglukenndur. Brúnu fallegu hundsaugun stirðnuðu og tíkin hætti að anda.

Birna horfði þögul út um gluggann í stofunni og horfði á tvo litla drengi hlaupa yfir grasflötina á blokkarlóðinni. Þeir hlógu og skríktu þegar þeir hófu að skylmast með ímynduðum sverðum sem líktust greinum af reyniviðnum sem stóð við gaflinn á blokkinni. Hún strauk á sér magann. Hún var orðin ansi svöng, hún sleit augun af drengjunum og fór inn í eldhús. Hún opnaði ísskápinn. Hann var nánast tómur, aðeins hálfóm mjólkurferna, tvö egg, svartur banani og ein dós af túnfiski í olíu stóðu í efstu hillunni.

Birna andvarpaði og lokaði skápnunum aftur, settist við eldhúsbordið og leit í kring um sig. Vaskurinn var fullur af glösum og óhreinum diskum og á bekknum stóð lítill stálpottur með leifum af hrísgrjónagraut. Hún stundi þunglega. Eftir smá stund stóð hún upp og byrjaði að vaska upp leirtauið. Hún henti restinni af grjónagratnum í ruslið og skrúbbaði pottinn vel og vandlega síðan tók hún borðtusku og hóf að þurrka af eldhúsbekknunum og litla eldhúsborðinu. Þegar þessu var lokið tók hún egginn, setti þau í pottinn og harðsaut þau á eldavélinni, svo blandaði hún eggjunum og túnfiskinum saman í skál og setti á bordið. Hún fyllti glas af mjólk náði í franskbrauð sem aðeins var byrjað að harðna og settist svo við litla bordið. Hún setti túnfisk- og eggjamaukið ofan á eina sneið og skóflaði þessu síðan öllu í sig af mikilli áfergju. Hún teygði sig í lítið útvarpstæki sem stóð á borðinu upp við vegginn og kveikti á því. Léttur slagari með vinsælastu söngkonu landsins fyllti eldhúsið af tónum og Birna tók aðeins að hressast við.

Hún opnaði alla gluggana á íbúðinni og fór síðan að tína saman óhrein föt, hreinan þvott og annað drasl sem lá eins og hráviði um alla litlu íbúðina. Þegar því var lokið náði hún sér í hreina tusku og sentist um allar hillur og borð og þurrkaði í burtu rykið sem hafði safnast upp á þessum dögum sem hún var búin að vera þarna. Að endingu náði hún sér í skúringarfötu, gólf tusku og kúst og skúraði öll dúklögðu gólf. Nú ilmaði íbúðin af sápu og frískleika. Birna andaði léttar.

Skröltið í hjólum töskunnar, þar sem þau köstuðust til eftir malarveginum, heyrðist varla fyrir vindgnýnum. Myrkrið var nánast algjört þar sem þykk, svört ský óðu um himininn fullkomlega varnarlaus í rokinu og huldu himin og hæðir. Ekkert tunglsljós og engar stjörnur. Það rétt mótaði fyrir manneskju í grárri kápu sem gekk eftir afskekktum sveitaveginum. Hún dröslaði tösku á eftir sér með annarri hendi og hélt á bleiku bjútfboxi í hinni hendinni. Hún gekk hægt, það var erfitt að draga töskuna og stór kviðurinn íþyngdi henni á göngunni. Hún stoppaði og reyndi að skyggast í kringum sig, leita að vegamótunum. Loksins eftir langa göngu örlaði á bílljósum niðri við þjóðveginn. Birnu varð hverft við. Hvað ef þetta væri Skúli að koma aftur? Hvað ef hann myndi beygja af þjóðveginum og keyra upp veginn að litla húsinu. Hún staulaðist í fátí út af vegkantinum með töskuna og bleika bjútfboxið og faldi sig á bak við moldarbarð, sem gnæfði upp úr móanum ofan við ána. Birna gægðist upp fyrir barðið og sá að afturljósín á bílnum hurfu út í myrkrið, hún andvarpaði fegin og skrölti með töskuna og bleika bjútfboxið aftur upp á veginn.

Loksins var hún komin að vegamótunum og tók stefnuna eftir þjóðveginum í átt að kaupstaðnum. Hún stoppaði, gekk aðeins út fyrir veginn og opnaði töskuna sína. Vindurinn reif í flíkurnar sem voru efst í töskunni og þeytti þeim út fyrir og upp á veginn. Birna hljóp á eftir fötunum, tróð þeim aftur í töskuna síðan gramsaði hún meðfram fötunum og dró upp farsíma. Ekkert samband ennþá. Hún andvarpaði og setti símann í vasann á kápunni, lokaði töskunni og fór aftur upp á veg.

Það var tekið að birta af degi og roðabirta sveipaði sveitina gullnum og rósrauðum bjarma. Birna var orðin þung í spori, gangan gekk orðið hægt og henni var orðið ískalt. Hún grét í hljóði þar sem hún haltraði áfram eftir þjóðveginum. Vélarhljóð nálgadist fyrir aftan hana, hún sneri sér við og skimaði eftir veginum. Gulur sendibíll nálgadist óðfluga og snarstansaði um leið og hann nálgadist Birnu. Bílstjórinn, maður um fimmtugt, skrúfaði niður hliðarrúðuna bílstjórarnesin.

„Á hvaða ferðalagi ert þú vinkona?“ Hann horfði á hana furðu lostinn þar sem hún stóð í rokinu á vegkantinum með ferðatösku í eftirdragri og haldandi á bleiku bjútfboxi.

„É... ég. Hún brast aftur í grát og settist á ferðatöskuna.“

Bílstjórinn opnaði hurðina og vipaði sér niður á veginn og hljóp til Birnu.

„Hvaða hvaða. Hvað í ósköpunum ert þú að gera hér alein með ferðatösku um miðja nótt?“ Hann renndi upp rennilásnum á grænni úlpunni sem hann klæddist.

Birna bara hágrét og kom ekki upp orði. Maðurinn leit á hana vorkunnaraugum og leit svo á útbelgdan kviðinn á henni. „Heyrðu, ég sé að þér er ískalt. Komdu inn í bílinn og hlýjaðu þér. Ég get kannski keyrt þig eitthvað áleiðis. Hvert þú ert svo sem að fara. Hann gekk áleiðis að sendibílnum og opnaði farþegahurðina. „Komdu vinkona, komdu og hlýjaðu þér.“

Birna tók töskuna og bjútfíboxið og staulaðist í átt að bílnum. Maðurinn tók upp ferðatöskuna og skellti henni aftur í bílinn meðan Birna klöngraðist upp í stóra gula bílinn.

Þrjú létt högg á hurðina að íbúð á annarri hæð blokkarinnar og andartaki síðar var dyrunum lokið upp.

„Sæl, þú... þú varst búin að nefna það að þú gætir litið eftir börnunum fyrir mig. Ég þarf svo nauðsynlega að komast út í búð. Það er ekkert til að borða og svo vantar mig bæði bleyjur og dömubindi.“ Birna hikaði. „Ef það er í lagi þín vegna,“ bætti hún við.

„Já, auðvitað. Ég var búin að segja það og ég stend við það sem ég segi,“ svaraði Herdís brosandi. „Þarftu að fara strax? Ég kem niður eftir smá stund.“

„Æji, takk fyrir. Það er svo mikið rok og rigning. Það er eiginlega ekki hægt að fara með börn út í svona veður. Þú kemur bara þegar þú ert tilbúin. Ókey?“ Birna kreisti fram bros og fór aftur niður stigann.

Herdís gekk inn um opnar dyrnar að íbúðinni hjá Birnu. „Svakalega angar hér allt af hreinlæti,“ sagði hún um leið og hún lokaði dyrunum að baki sér. „Nú fæ ég loksins að sjá börnin,“ bætti hún við. „Eru þau inni í svefnherbergi?“ spurði hún og gekk í átt að svefnherbergisdyrnum.

„Já, eða reyndar bara annar tvíburinn. Þú... þú veist, Hermann, maðurinn sem fylgdi mér hingað heim af spítalanum, hann er með hinn. Hann bauðst til að passa hann í einn eða tvo sólarhringa af því að hann var búinn að vera svo óvæ. Hann sagði að það væri nóg að hugsa um eitt barn svona til að byrja með.“

„Nú! Mikið er það fallett af honum. Ég hefði nú líka getað létt undir með þér ef ég hefði vitað af erfiðleikunum, nú eða þú bara getað beðið mig um það,“ sagði Herdís óðamála.

„Maður biður nú ekki bara fólk sem maður þekkir ekkert um svoleiðis,“ sagði Birna lágmaelt.

„En, hvað gefur Hermann blessuðu barninu?“ spurði Herdís um leið og hún gekk inn í svefnherbergið. Hún lyfti sænginni varlega af sofandi ungabarninu.

„Hann... hann gefur henni bara þurrmjólk, ég held að það sé allt í lagi.“

„Þurrmjólk! Veistu ekki að það er alveg nauðsynlegt fyrir svona lítill börn að vera hjá móður sinni og vera á brjósti,“ sagði Herdís þunglega.

„Ja... jú, en... en, hann bauðst bara til þess. Hún grét nánast allan sólarhringinn og ég var alveg ósofin.“

„En, hvers vegna í ósköpunum varstu þá úti í garði um miðja nótt, þarna í fyrradag?“

„Af því að, af því að tvíburinn sofnaði í vagninum og ég var búin að reyna að sofna en ég var eitthvað svo upp spennit að ég hafði enga eirð í mér.“ Birna tók barnið upp sem rumskaði við það og byrjaði að skæla. Hún lagði það mjúklega að brjósti sér. „Ætli það sé ekki best að ég gefi henni áður en ég fer.“ Hún brosti dauflaga.

Birna klæddi sig í kápu sem hékk á snaga í forstofunni og smeygði sér í lúna strigaskó. Hún teygði sig síðan í ruslapoka sem var í innst í forstofuskápnum

„Ég verð ekki lengi,“ kallaði hún til Herdísar sem sat á hjónarúminu og horfði á sofandi barnið. „Ég ætla líka að fleygja draslinu í ruslagám í leiðinni. Gömul föt og svoleiðis sem ég tók saman í dag.“

„Ekkert mál,“ hvíslaði Herdís hljóðlega til að raska ekki ró litlu stúlkunnar. „Taktu þér bara þann tíma sem þú þarft, barnið er greinilega komið yfir þetta óróleikatímabil, sefur eins og steinn.“

Birna smeygði sér fram hjá drukknum, tattóveruðum manni, sem var á leið inn í blokkina og út um dyrnar á subbulegri blokkinni, hélt kápunni að sér með annarri hendi en hélt á pokanum í hinni hendinni og tókst á við rokið og rigninguna.

„Á hvaða ferðalagi ert þú. Af hverju ert þú stödd hér alein langt frá öllum mannabyggðum?“ Bílstjórinn leit á hana með undrunarsvip.

„Ég get ekki verið lengur þarna. Ég er orðin svo ógeðslega hrædd við hann.“ Birna snökti og horfði á bílstjórann tár votum augum.

„Hrædd við hvern?“ Bílstjórinn horfði fram á veginn þungur á svip.

„Ég, ég er gift honum Skúla og hann er orðinn svo breyttur að ég er orðin skíthrædd við hann.“ Birna iðaði í bílsætinu og dró bílbeltið upp fyrir belgdan kviðinn.

„Skúla? Skúla í Hjálpleysu?“

„Já,“ muldraði Birna á milli ekkasoganna.

„Já, þú segir nokkuð. Við vorum búin að fréttu af því að það væri komin önnur kona til hans þarna í einangrunina. Það er víst engin sæluvist að vera þar segja sögurnar. Það var litháísk kona hjá honum fyrir nokkrum mánuðum en hún fór líka. Sögurnar sögðu að hún hefði verið ófrísk en látið eyða fóstrinu. En hvað veit ég svo sem.“

„Þarna er ekkert rafmagn, nema frá ljósavél, ekkert sjónvarp og ekkert símasamband heldur. Hann nær líka í póstinn á Blönduós.“ Birna veiddi farsímamann upp úr vasanum og leit á skjáinn. „Það er komið samband.“ Hún andvarpaði feginsamlega. Svo dofnaði yfir henni aftur „En ég veit ekki í hvern ég á að hringja.“ Hún koðnaði niður í sætið.

„Eru ekki einhverjir vinir eða ættingjar sem þú getur hringt til?“

„Nei, ekki hérna á Íslandi. Við mamma vorum ný komnar frá Danmörku þegar hún dó. Ég kynntist svo Skúla í kirkjugarðinum strax eftir jarðarförina hennar. Hann var svo indæll, svo rosalega indæll,“ endurtók hún lágróma.

„Í kirkjugarðinum? Furðuleg tilviljun. Þær eru fleiri konurnar sem hann hefur kynnst þar,“ sagði bílstjórinn hvassyrstur. „Það hafa gengið sögur hér um sveitina af Skúla og þeim konum sem hafa dvalist hjá honum. Samt er erfitt að staðhæfa nokkuð vegna þess að bærinn er svo afskekktur og hann vill ekkert með sveitunga sína gera. Eitt sinn fóru sölumenn hér um sveitina og þeir komu meðal annars við í Hjálpleysu, þeir sögðu að Skúli hefði nánast hent þeim út og síðan hrækt á eftir þeim.“ Bílstjórinn leit á Birnu. „Hvað heitir þú annars? Ég heiti Herjólfur.“

„Birna, Birna Hallfríðardóttir.“ Birna fitlaði óróleg við tölurnar á kápunni.

„En hvert ert þú að fara, kasólétt konan? Það er ljóst að ekki ferðu að Hjálpleysu aftur.“ Herjólfur stundi, ræskti sig og spýtti hráka út um hliðarrúðuna.

„Ég ætla til Reykjavíkur, kannski finn ég þar eitthvert húsnæði. Ég veit ekki, eða gistiheimili eða eitthvað bara.“

„Það getur nú verið erfitt að vera með ungabarn á gistiheimili,“ sagði hann og leit á sveran kviðinn á Birnu.

„Ég veit það, en ég hef bara ekkert húsnæði og ekki verð ég hjá Skúla í Hjálpleysu stundinni lengur, ég get ekki heldur verið með barn við þær aðstæður. Það er útilokað.“ svaraði Birna andstutt og kreisti saman hendurnar.

Herjólfur þagði um stund og leit síðan á hana hugsí á svip. „Heyrðu vinkona, ástæðan fyrir því að ég er að fara suður er sú að ég á litla íbúð þar, í Breiðholtinu. Ég hef leigt hana út til nokkurra ára en nú voru leigjendurnir að flytja svo ég ætlaði að tæma hana og ákvað að setja hana á sölu en þú gætir nú kannski verið þar fyrst um sinn, allavega passað hana þar til hún selst. Það væri ágætt að einhver væri þar, svo hún standi ekki tóm. Hvað segir þú um það?“

Birna leit á hann furðu lostin. „Ertu að meina það, má ég vera þar? Vá, þvílíkt hvað ég er heppin.“ Nú brosti Birna breiðu brosi og reis upp í sætinu. „Takk, takk takk, það reddar öllu.“

Herjólfur brosti í kampinn og spýtti aftur slímugum hráka út um bílrúðuna.

Rokið feykta Birnu eftir gangstéttinni að blokkardyrnum. Hún hálf hrasaði um brotnar hellur sem lágu í reiðileysi á miðri stéttinni. Hún opnaði dyrnar og flýtti sér inn fyrir og dyrnar skelltust með hávaða á eftir henni. Skjálfandi reyndi hún að hitta lyklinum í skrána en það gekk ekki. Að endingu bankaði hún kröftuglega á hurðina. Hún heyrði hratt fótatak inni í íbúðinni sem nálgast dyrnar og hurðinni var svipt upp.

„Hvað í ósköpunum gengur á?“ hreytti Herdís út úr sér um leið og hún opnaði. „Nei, ert þetta þú? Ég vissi ekki hvað væri eiginlega að ske, það er svo oft einhver ágangur ókunnugs fólks hérna, helvítis dópistar og fyllibyttur.“ sagði Herdís og andaði léttar. „Maður veit aldrei hvað getur gerst í þessari blokk, það er svoddan hyski sem býr hérna, dópistar og alls konar lýður. Ég er oft búin að biðja um færslu en borgin segir ekkert annað húsnæði laust.“ Hún andvarpaði mæðulega.

„Fyrirgefðu, ég... ég bara hitti ekki í skrána.“ Birna kastaði mæðinni og lét frá sér innkaupapoka á gólfið og strauk blautt, úfið hárið frá andlitinu. Hún hnepti frá sér kápunni, hljóp inn í svefnherbergi og lagði ungabarn frá sér á rúmið.

„Hvað í heiminum ertu með innanklæða?“

„Ég... ég... þú sagðir að börn ættu að fá brjóstamjólk. Svo hringdi Hermann í mig á meðan ég var í búðinni. Hann er orðinn fárveikur, með einhverja flensu. Hann getur ekki hugsað um stelpuna í því ástandi og bað mig því um að sækja hana ef ég gæti. Hann býr hérna rétt hjá svo ég flýtti mér bara til hans og náði í hana.“ Hún vafði teppi utan af lítilli, hágrátandi stúlku og lagði hana við hlið sofandi barnsins í hjónarúminu. Birna klæddi síg úr kápunni og henti henni á gólfið, reif upp bolinn sem hún klæddist og tók brjostið úr brjóstahaldaranum. „Getur þú sótt bleyju fyrir mig inn á bað? Ég þarf að skipta á henni.“

Herdís hraðaði sér fram og sótti bleyjuna og þurrkur og rétti Birnu. „Tvíburarnir eru nú ekki alveg eins. Þessi er aðeins minni en hinn og svo er þessi dama alveg sköllótt.“

„Já, ég veit. Hún fæddist samt með svolítið ljóst hár en það fór. Þær... þær eru ekki eineggja, þær eru tvíeggja og þá eru tvíburar ekkert líkari en venjuleg systkini,“ sagði Birna fljótum og lagði svangt barnið á brjóst. „Svona svona, nú verður allt í lagi elskan mín.“ Birna horfði ástúðlega á litlu telpuna sem hvíldi í fangi hennar.

„Já, reyndar, ég hef heyrt það líka,“ sagði Herdís og settist við hlið Birnu.

Þegar barnið hafði drukkið nægju sína lagði Birna það á rúmið og skipti um bleyju. Hún vafði því svo inn í sængina við hlið hins barnsins og leit á Herdís. „Takk kærlega fyrir hjálpina, ég held að ég leggi mig bara núna með stelpunum. Við heyrumst bara síðar. Ókey?“

„Ekkert mál, en leyfðu mér endilega að hjálpa til ef ég get, ég er bara ein og hef ekkert þarfara að gera,“ sagði hún hljóðlega um leið og hún hallaði hurðinni á eftir sér.

Herjólfur stöðvaði sendibílinn fyrir utan Blönduskálann. Birna leit óróleg í kringum sig og síðan á Herjólf. „Við... við gætum mætt Skúla hérna, ég held að hann komi stundum við hér og taki bensín og svoleiðis.“

„Ja, það væri kannski bara ágætt. Hann ætti bara að reyna að mæta mér,“ sagði Herjólfur hvasst. „Helvítis fíflíð, hann getur ekkert gert þér meðan þú ert með mér.“ hann hnyklaði brýrnar og hrækti orðunum út úr sér. „Komum inn og fáum okkur eitthvað í svanginn.“

Birna skimaði óttaslegin í kringum sig á leiðinni frá bílnum og inn á skálann. Þau fóru í afgreiðsluna og pöntuðu sér hamborgaramáltíð með frönskum og kók.

„Vá hvað ég er til í þetta, ég hef ekki borðað hamborgara og franskar í marga mánuði.“ Hún horfði með áfergju á ljósaskiltin yfir afgreiðsluborðinu og nánast sleikti útum.

Herjólfur brosti og borgaði matinn. Það voru ekki margir á staðnum svona snemma dags svo þau fundu sér borð út við gluggann. Birna settist þunglega á stólinn og gretti sig. „Mér er orðið svo ógeðslega illt í fótunum,“ stundi hún og nuddaði á sér kálfana.

„Það er nú engin furða, eins og þú ert nú búin að labba langt svona á þig komin,“ sagði Herjólfur vingjarnlega. Afgreiðslukonan kallaði nú að maturinn væri tilbúinn og Herjólfur stökk á fætur, „Sittu bara, ég sæki þetta.“

Birna horfði út um gluggann og sá í því hvar Skúli lagði bílnum við hlið gula sendibílsins. Skelfingarsvipur myndaðist á andliti hennar, hún rauk á fætur og haltraði inn á kvennaklósettið og læsti að sér. Hún hélt fyrir eldrautt andlitið og andardrátturinn var grunnur og hraður og þreyttir fætturnir nötruðu undir henni. Hún horfði á sjálfa sig í speglinum og reyndi að stilla sig. „Svona svona, þú ert með Herjólfí. Skúli getur ekki gert þér neitt núna. Ekki neitt.“

Þau renndu frá Blönduskálanum og eftir þjóðveginum suður á bóginn. Birna strauk ljósa hárið frá augunum og hagræddi sér í sætinu.

„Vá hvað við vorum heppin að Skúli skyldi bara vera að taka bensín en ekki koma inn,“ sagði Birna og andaði léttar. Hún opnaði bleika bjútíboxið sem hvíldi á lærum hennar og tók upp nokkrar myndir. „Sjáðu þetta er mynd af mömmu,“ sagði hún og hélt ljósmynd, af ljóshærðri konu um fertugt, á lofti. „Við vorum mjög nánar,

það var virkilega gott samband á milli okkar og ég sakna hennar alveg hræðilega mikið.“ Birna strauk burtu tár sem laumuðust fram í augnkrókana.

„En þú getur þó verið þakklát fyrir að eiga góðar minningar um móður þína. Það er meira en margur hefur,“ sagði Herjólfur vinsamlega um leið og hann tók fram úr gamalli, rauðri, Ferguson dráttarvél sem lúsaðist eftir þjóðveginum með stóran vagn, fullan af rollum, í eftirdragi.

„Já, það segir þú satt. Ég má ekki vanmeta minningarnar, ég verð að horfa á þær góðu.“ svaraði Birna og brosti við. „Við mamma gerðum svo margt skemmtilegt saman, og vorum voða mikið bara tvær saman. Það fannst okkur best.“ Hún kyssti ljósmyndina og stakk henni aftur ofan í bleika bjútiþoxið sitt.

„Heyrðu íbúðin mín er í Breiðholtinu, reyndar bara tveggja herbergja og í blokk. En hún er á jarðhæð þannig að það verður gott að setja barnið út að sofa á daginn. Ég byrja bara á því að skutla þér þangað þegar við komum í bæinn.“ Hann horfði á kviðinn á Birnu og bætti síðan við. „Þú ert alveg svakalega sver um þig miðja, er langt í fæðinguna?“

„Ha, ja svona tveir mánuðir held ég. Ég hef aldrei farið í skoðun, Skúli leyfði mér það ekki. Sagði að hann gæti bara tekið á móti barninu, eins og kálfunum í fjósinu. Að það væri ekkert mál. Mér fannst það þó ekki í lagi.“

„Mér finnst þú nú nokkuð sver miðað við að vera aðeins gengin sjö mánuði,“ sagði Herjólfur og setti lófann létt á bumbuna á Birnu. „Er einhver hreyfing?“

„Úff já, heldur betur það mætti halda að barnið hefði ótal hendur.“ Birna brosti glaðlega og setti bjútiþoxið varlega á gólfið og hallaði bílsætinu aftur og teygði úr fótunum.

Morgunsólin þrengdi sér inn um svefnherbergisgluggann og baðaði andlit litlu stúlnanna þar sem þær sváfu værum svefni við hlið Birnu. Önnur þeirra rumskaði og byrjaði strax að væla. Við það vaknaði hin og tók undir með systur sinni. Birna muldraði í svefnrofunum, „smá stund enn. Gerið þið það, plís, gerið þið það.“ Stúlkurnar létu ekki segjast og fóru að gráta hærra. Birna reisti sig upp og horfði á þær svefndruknum augum og sagði síðan, „ókey, ókey! Ég skal gefa ykkur.“ Hún tók þær í fangið og kom þeim fyrir sitt á hvoru brjóstinu.

Eftir gjöfina skipti hún á þeim og lagði þær síðan aftur til svefns. Hún fór fram og náði í hrein fót á börnin, tindi til handklæði og setti plastbala ofan í baðkarið. Þegar hún var búin að þessu hélt hún inn í eldhús og tók til morgunverð. Mjólk í glas og tvær ristaðar brauðsneiðar með osti og sultu. Hún settist við eldhúsbordið, kveikti á útvarpinu og hafði það lágt stillt, það var verið að lesa fréttirnar. „*Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins þá er verið að leita að nýfæddu ungabarni. Tildrög málsins eru þau að ungur litháískur maður kom með fyrrverandi kærustu sína, sem einnig er litháísk, á slyshadeildina í Fossvogi. Hann hafði komið til heimilis hennar og fundið hana meðvitundarlausu í íbúðinni. Henni hafði blætt mikið og samkvæmt frásögn lækna, þá hefur hún fætt barn einhvern tímann á síðustu þremur til fimm dögum. Hún er á gjörgæslu og er líðan hennar nú eftir atvikum góð. Konan neitar því að hafa fætt barn en læknar eru þess fullvissir. Ungi maðurinn hafði slitið sambandi við konuna fyrir nokkrum mánuðum og segist enga hugmynd hafa haft um það að hún væri barnshafandi. Ef einhver getur gefið upplýsingar um málið, þá er hann vinsamlega bedinn um að hafa samband við lögregluna.*“

Létt bank á hurðina og þegar Birna opnaði dyrnar þá stóð Hermann þarna glaðbeittur fyrir utan. Herdís kom gangandi og hætti við að halda upp stigann en staldraði þess í stað við og heilsaði. „Sæll, ég heiti Herdís, þú ert Hermann er það ekki?“ spurði hún hæversklega.

„Jú, það er rétt. Hvernig veist þú það?“ spurði hann hissa.

„Birna sagði mér það, hún...“ Birna greip fram í fyrir henni, „Já þetta er Hermann, sá sem hjálpaði mér.“ Hún sneri sér að Herdísi, „Heyrðu, ég tala við þig seinna í dag ég þarf aðeins að ræða við Hermann.“

Hermann brosti, kinkaði kolli til Herdísar og gekk inn í íbúðina. Birna lokaði dyrunum á eftir honum.

„Hvaða kona var þetta?“ spurði hann Birnu.

„Þetta er hún Herdís á hæðinni hér fyrir ofan. Hún passaði fyrir mig í fyrradag. Ég þurfti að komast út í búð því að mig vantaði bleyjur og svo líka ýmislegt annað.“

„Já, það er nú gott ef einhver getur liðsinnt þér hérna. Þekkir þú eitthvað til hennar?“

„Nei ég hef bara talað við hana nokkrum sinnum, en hún virðist ágæt. Samt finnst mér að hún mætti nú hugsa betur um sjálfa sig.“

„Hvernig hafa tvíburarnir það?“ spurði Hermann og gægðist inn í svefnherbergið.

„Þeir eru bara værir núna, það er mikill munur að geta sofið þokkalega á nóttunni.“ Birna brosti og galopnaði svefnherbergisdyrnar. „Þú mátt alveg kíkja á þá, þeir fara hvort sem er að vakna,“ sagði hún glaðlega.

„Heyrðu Birna, heyrðir þú fréttirnar? Um konuna sem neitar að hafa fætt barn. Núna er lögreglan að leita að ungabarni um alla borgina.“

„Já ég heyrði það. Þetta er alveg furðulegt mál og skrýtið að kærastinn hennar hafi ekki vitað að hún var ólétt.“

„Nei, það er svo sem ekkert skrítið. Ekki vissi ég nú að mín fyrrverandi væri ólétt fyrir en nokkrum dögum áður en barnið fæddist.“ Það örlaði fyrir sorg í rödd hans. „En ótrúlega skemmtileg tilviljun að hún hét Hallfríður alveg eins og mamma þín.“

Þau gengu inn í stofuna og fengu sér sæti, Birna settist í gamla sófann og Hermann á móti henni í staka stólinn sem var augljóslega ekki af sama stofni og sófinn.

„Var ég búin að sýna þér myndina af mömmu,“ spurði Birna og teygði sig í bleika bjútfboxið þar sem það stóð á sófaborðinu í stofunni. Hún opnaði boxið og dró upp ljósmynd. „Sjáðu, þetta er mamma.“ Hún brosti blíðlega til konunnar á myndinni.

Hermann starði ákafur á myndina og andlit hans fölnaði.

Tvíburavagninn stóð á túninu aftan við blokkina í Breiðholtinu. Það var logn og sólin varpaði sínum heitu gullnu geislum á þessa litlu viðkvæmu veröld. Birna gróðursetti fjólubleikar stjúpur í kantana á blómabeðinu sem hún hafði útbúið fyrir í vor. Í miðju beðsins var hún búin að setja fallegan silfurhnapp sem fengi hvíta, þrýstna blómknúppa þegar liði fram á sumarið. Silfurkamburinn gaf síðan skemmtilega umgjörð utan um litadýrðina með sínum silfurgráa bjarta lit.

Eftir gróðursetninguna stráði hún blákorni yfir moldina. Hún reisti sig upp, teygði úr sér og dustaði svo mold af buxnaskálmunum. Birna gægðist inn í barnavagninn og bros myndaðist á vörum hennar. Litlu stúlkurnar steinsváfu. Hún tindi saman verkfærin, blómaskóflu, hrífu og fötu með blautum vatnskristöllum, sem hún hafði sett við rætur blómanna, vegna þess að það hjálpar blómunum svo mikið þegar gerir langvarandi þurrk.

Hún hraðaði sér yfir grasblettinn að blokkinni með áhöldin og stakk þeim innfyrir dyrnar á sameiginlegu geymslunni. Því næst fann hún græna vatnskönnu sem lá á gólfinu í einu horninu, fyllti hana af volgu vatni úr krana á veggnum og rogaðist síðan með hana til baka. Birna þurfti að leggja könnuna frá sér á leiðinni, það seig svo asskoti í með öllu þessu vatni. Þegar hún komst loks að beðinu þá lét hún vatnið buna yfir allar fallegu litríku plönturnar. Hún stóð síðan í þungum þönkum og horfði á beðið dágóða stund. Svo hristi hún af sér drungann og dáðist að vel unnu verki.

Önnur litla stúlkan byrjaði að rumska og vakti við það hina sem lá við hlið hennar í vagninum. Birna setti krossmark yfir beðið og sendi síðan fingurkoss yfir blómin, strauk hendinni yfir magann og gekk að vagninum. Hún felldi niður skerminn, tók leðursvuntuna af sænginni og reisti litlu stelpurnar upp í vagninum. Þær voru rennandi sveittar svo hún hneppti frá þeim peysunum og tók af þeim húfurnar. Sveitt ljóst hárið á Hermínu var allt í flóka og hún brosti til mömmu sinnar og kæti skein úr brúnu augunum en rauði hárbrúskurinn á Herdísi var svo stuttur að hann stóð út í allar áttir.

Greinargerð um tilurð sögunnar

Þetta er nógvella sem byggist á ímynduðu framhaldi á raunverulegum atburði. Hugmyndin að þessari sögu kviknaði þegar ég var að hlusta á sjónvarpsfréttirnar þar sem verið var að fjalla um dóminn sem ung litháísk kona fékk fyrir að deyða nýfætt barn sitt og henda því svo í ruslagám. Ég fór að velta því fyrir mér hvernig þessi átakanlegi atburður gæti hafa orðið ef konan hefði ekki deytt barnið heldur sett það lifandi í gáminn og einhver annar hefði fundið það og tekið það að sér. Þannig kom fyrsti kaflinn til.

Næst vantaði mig einhverja persónu í það hlutverk að finna barnið fyrir tilviljun og þá fæddist Birna. En ekki gekk það upp að hún finni bara barn og enginn verði þess var, að engar spurningar vakni hjá einhverjum um tilurð þess. Hvernig fer maður að því? Jú, ef Birna eignast tvíbura og annar þeirra deyr. En hvernig er þá hægt að leyndauða tvíbura? Jú, ef annað barn kemur í þess stað. Þá þyrfti ég einnig að hafa Birnu svolítið eina í heiminum svo enginn yrði var við barnaskiptin og þannig kom Skúli á Hjálpleysu til sögunnar sem og dauði mömmu Birnu.

Ég vildi að þegar lesendur væru búnir að lesa fyrsta kaflann þá myndu þeir í framhaldinu lengi vel halda að það hafi verið Birna sem tók þá afdrifaríku ákvörðun að setja aðra stúlkuna sína í ruslagáminn.

En ef ekki Birna, hver annar gæti þá hafa sett barnið í gáminn? Þannig var litháíska stúlkan orðin ein af fyrri ástkonum Skúla á Hjálpleysu. Hún hefur eflaust fengið svipaða meðferð og Birna, ofbeldi og drykkjuskap. Hún flúði einnig frá Hjálpleysu en nýorðin ófrísk. Ég þurfti að láta hana vera á Hjálpleysu stuttu á undan Birnu þar sem börnin urðu að vera á svipuðum aldri og til viðbótar láta Birnu fæða fyrir tímann til að jafna út tímamörkin.

Hjálparhellan Hermann er svona til að aðstoða við að flækja söguna meira og reyndi ég að koma því smám saman til skila að hann sé pabbi Birnu, hann er jú tvíburi líka og tvíburar eignast gjarnan tvíbura. En hvernig gat staðið á því að hann vissi ekki að hann á annað lifandi barn? Það var vegna þess að mamma Birnu sýndi honum bara dánun tvíburasysturina en hélt Birnu leyndri. Mamma hennar var ekki í neinu sambandi við Hermann og vildi eiga Birnu ein.

Ekki gat ég látið Birnu skrölda kasólétta, eina um nótt alla leið frá Hjálpleysu að Blönduósi. Reyndar er raunverulega Hjálpleysan dalur uppi á Fljótsdalshéraði, rétt við Sandfell en það kemur ekki þessari sögu við. Eitthvert þurfti ég svo að láta Birnu fara, á einhver áfangastað. Þá renndi Herjólfur framhjá og bauð henni far og í framhaldinu íbúð til að vera í. Þannig leystust íbúðamálin fyrir Birnu og það að Skúli vissi aldrei um verustað hennar.

Til þess að tengja litháísku konuna við barnið í ruslagámnum þá skrifaði ég inn útvarpsfréttir þar sem Birna heyrir fjallað um litháíska konu sem hefur eignast barn en viðurkennir það ekki og því væri verið að leita að ungabarni. Einnig notaði ég hugmyndina þegar Birna finnur ljósmyndina af þeirri rauðhærðu litháísku og Skúla saman heima í Hjálpleysu og gef öðrum tvíbura Birnu rauðan háralit.

Ég vildi ekki hafa þessa sögu línulaga, vildi flakka milli tímabila. Ég byrjaði söguna á barnsfundinum en síðan segi ég söguna til skiptis frá aðdraganda þess að barnið finnst í ruslagámnum og síðan frá Birnu með tvíburana og því hvernig hún nær að leyna því að önnur tvíburasystirin deyr, líklega vöggudauga og annað stúlkubarn komi í hennar stað.

Ýmsar spurningar vöknudu við skriftirnar eins og kom fram hér á undan og gott var að hitta Hlín Agnarsdóttur leiðbeinanda minn að verkefninu. Við ræddum saman um og veltum fyrir okkur söguþræðinum og framvindu hans.

Það var virkilega gaman að skrifa þessa sögu og langar mig jafnvel til þess að fara lengra með hana, jafnvel upp í heila skáldsögu. Það er örugglega hægt að flækja hana mun meira, til dæmis með því að hún endi ekki eins og hún gerir heldur þannig að einn daginn mæti hitaveitan og þurfi að grafa í gegnum garðinn og komi þá niður á barnslík. Þá hefst leitin að móður sem kannski finnst en þær passa þá ekki saman í DNA-rannsókn. Hver á þá barnið sem jarðsett var í garðinum?